

Júní 2025



# Landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu



Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvegaráðuneytið

A group of sheep, including several white ones and one black one, are walking along a dark, gravelly path. The path leads towards a body of water under a very foggy or overcast sky. The landscape is hilly and appears to be a coastal area with some low-lying vegetation.

## Landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárriðu

**Útgefandi:** Stjórnarráð Íslands

**Umbrot og textavinnsla:** Stjórnarráð Íslands

© 2025 Stjórnarráð Íslands  
atr@atr.is | www.atr.is

Júní 2025 | ISBN 978-9935-551-20-7

Forsíðuna prýðir kynbótahrúturinn Gimsteinn 21-899 frá Þernunesi. Hann er fyrstur hrúta á Íslandi til að greinast með ARR genasamsætuna. Fundurinn á þessari verndandi genasamsætu gegn riðuveiki var kunngerður 17. janúar 2022 þegar ARR hafði verið staðfest í sex kindum á bænum Þernunesi við Reyðarfjörð. Myndin var tekin á Þernunesi í október 2022, skömmu áður en Gimsteinn var fluttur á sæðingastöð ásamt þeim Hornsteini 22-901 og Gullmola 22-902 en með þessum hrútum hófst innleiðing ARR genasamsætunar á landsvísu.

**Ljósmynd:** Eyþór Einarsson, birt með leyfi höfundar

# Efnisyfirlit

|                                                         |           |
|---------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Helstu breytingar á milli 1. útgáfu og 2. útgáfu</b> | <b>5</b>  |
| <b>Samantekt</b>                                        | <b>8</b>  |
| <b>Formáli</b>                                          | <b>10</b> |
| <b>1. Stefna</b>                                        | <b>12</b> |
| <b>2. Ábyrgð</b>                                        | <b>12</b> |
| <b>3. Ræktun arfgerða með V og MV</b>                   | <b>15</b> |
| 3.1 Flokkun arfgerða                                    | 16        |
| 3.2 Fyrirkomulag sýnatöku til arfgerðagreininga         | 17        |
| 3.3 Markmið um útbreiðslu V og MV arfgerða              | 18        |
| 3.4 Ræktunaráætlun og eftirfylgni                       | 22        |
| 3.5 Áætlun um arfgerðagreiningar                        | 23        |
| <b>4. Varnir gegn riðuveiki</b>                         | <b>24</b> |
| 4.1 Takmarkanir og aðgerðir á bæjum                     | 24        |
| 4.2 Sauðfjárveikivarnahólf                              | 30        |
| 4.3 Sóttvarnir á búum                                   | 36        |
| 4.4 Söfnun og úrvinnsla dýrahæja                        | 37        |
| <b>5. Vöktun</b>                                        | <b>38</b> |
| 5.1 Eftirlit með einkennum                              | 39        |
| 5.2 Sýnatökur                                           | 39        |
| <b>6. Grunnrannsóknir á sauðfjárriðu</b>                | <b>41</b> |
| <b>7. Viðbrögð við uppkomu riðu</b>                     | <b>42</b> |
| <b>8. Fjármál</b>                                       | <b>44</b> |
| 8.1 Forvarnir og aðgerðir                               | 45        |
| 8.2 Styrkir og fjárstuðningur                           | 47        |
| <b>Viðauki I</b>                                        | <b>48</b> |
| <b>Viðauki II</b>                                       | <b>49</b> |

## Staðfesting á útgáfu

### Ákvörðun

Atvinnuvegaráðuneytið, Matvælastofnun og Bændasamtök Íslands hafa ákveðið að gefa út sameiginlega stefnu um útrýmingu á sauðfjárriðu á Íslandi til að tryggja að allir sem hlut eiga að máli vinni sem ein heild.

### Bakgrunnur

Í janúar 2022 fannst í fyrsta sinn á Íslandi genasamsæta í sauðfé sem verndar gegn riðuveiki (ARR) og opnaðist þannig ný leið í baráttunni gegn veikinni. Frá níunda áratug síðustu aldar hafa stjórnvöld unnið markvisst að því að útrýma veikinni með niðurskurði og ströngum smitvörnum með góðum árangri en með ræktun verður hægt að koma í veg fyrir veikina. Um er að ræða ólæknandi hægfara heilahrörnunarsjúkdóm, sem veldur bændum búsiðjum, ríkissjóði miklum fjárútlátum og síðast en ekki síst dýrunum þjáningum. Starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, Matvælastofnunar, Bændasamtaka Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins vann landsáætlunina og voru drög hennar kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Hanna Katrín Friðriksson  
atvinnuvegaráðherra



—

Hrönn Ólína Jörundsdóttir  
forstjóri



—

Trausti Hjálmarsson  
formaður





# Helstu breytingar á milli 1. útgáfu og 2. útgáfu

Í samræmi við Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu stýrði MAST endurskoðun á 1. útgáfu áætlunarinnar en endurskoðun skal fara fram fyrir 1. apríl ár hvert. Í starfshópnum voru tveir fulltrúar frá MAST, tveir frá BÍ og einn frá ATRN.

Starfshópurinn hefur lokið endurskoðuninni og leggur til nokkrar breytingar fyrir 2. útgáfu. Helstu breytingar snúa að uppfærslu ræktunaráætlana í kafla 3 og breytinga á kafla 8 sem fjallar um fjármál. Minniháttar leiðréttingar og breytingar voru gerðar á texta í því augnamiði að gera hann hnitmiðaðri og auðskildari. Öll ákvæði sem voru sérmerkt árinu 2024 eru tekin út. Orðið heimaeinangrun/einangrun heima á bæ sem kemur fyrir oftast en einu sinni í 1. útgáfu áætlunarinnar er skipt út fyrir að „fé skuli haldið innan fjárheldra girðinga fjarri öðru fé“.

Orðið einangrun hefur of þrönga merkingu miðað við takmarkanir sem gilda um fé á riðubæ í kjölfar uppkomu riðuveiki, t.d. er leyfilegt að setja á afrétt fé úr riðuhjörð sem er arfhreint með vendandi arfgerð eða sem hefur mögulega verndandi genasamsætu á móti verndandi genasamsætu, þannig er hluti hjarðarinnar ekki í einangrun og því er ekki rétt að nota það orð. Gerð er grein fyrir helstu breytingum í einstökum köflum hér að neðan.

## Kafla 3 Ræktun arfgerða með V og MV

- Í kafla 3.3 í 7. mgr. er fjallað um mögulegar undanþágur fyrir gripi með einstaka eiginleika og að það sé fagráð í sauðfjárrækt sem hafi heimild til að veita þær. Þessu er breytt á þann veg að undanþágur verði veittar af MAST að fenginni umsögn frá fagráði í sauðfjárrækt og erfðanefnd landbúnaðarins. Rétt þykir að slíkar undanþágur séu á hendi stjórnsýslustofnunar og að fengin sé umsögn erfðanefndar landbúnaðarins að auki.
- Í kafla 3.3 er tafla 4 uppfærð miðað við árið 2025 og markmið sett fyrir árin 2027 og 2029, en í 1. útgáfu voru markmið ekki sett fyrir þau ár. Bætt er við markmiðum fyrir ær á áhættubæjum og öðrum bæjum í áhættuhólfi, frá og með árinu 2026.

- 
- Í kafla 3.3 er sett inn ný tafla sem verður nr. 4.2 og tafla nr. 4 verður nr. 4.1. Ný tafla setur ræktunarmarkmið ef nýtt riðutilfelli kemur upp í varnarhólf sem ekki er áhættuhólf þegar riðaveiki er staðfest. Það er gert vegna þess að slík landsvæði eru skemur á veg komin í ræktun gegn riðuveiki en landsvæði sem flokkuð eru sem áhættuhólf nú þegar og taka þarf tilliti til þess við setningu ræktunarmarkmiða.
- 
- Í kafla 3.3. er tafla 5. uppfærð og breytt, þannig að árið 2025 verði meira en 95% sölulamba með V/x eða MV/x og engin með VRQ/x. Þannig geta allt að 5% sölulamba verið með arfgerðina ARQ/ARQ. Gert er ráð fyrir að slík lömb séu þá eingöngu frá líflambasölusvæðum og háð leyfi frá Matvælastofnun.
- 
- Í kafla 3.4. staflað b, er bætt inn setningu um að flutningur hrúta á sæðingastöðvar sé háður samþykki Matvælastofnunar í samræmi við 12. gr reglugerðar 540/2016.
- 

#### Kafla 4 Varnir gegn riðuveiki

- 
- Í kafla 4.1 eru gerðar breytingar á töflu 7 til að auka skýrleika. Í línu 5 í töflu 7 er fjallað um kynbótahrúta, bætt er við textanum “Fylgja ræktunaráætlun” í dálkana um áhættubæi og aðra bæi í áhættuhólfi.
- 
- Í kafla 4.1 eru gerðar breytingar á töflu 7 í línu 9. Þar er bætt við texta þar sem fjallað er um fé sem drepst/aflífað er á bæ og afföll. Textinn “Skylt að upplýsa og framvísa til MAST” er settur í dálkana um áhættubæi og aðra bæi í áhættuhólfi.
- 
- Í kafla 4.2. um sauðfjárveikivarnahólf, er bætt við svohljóðandi texta í 5. mgr. “Samstarfshópur ATRN, MAST og Bí vinnur að endurskoðun á merkingarreglugerð. Í þeirri vinnu er lagt til að gefa litamerkingar sauðfjár frjálsar, en þó er rauður litur frátekinn. Kortið gæti því tekið töluverðum breytingum í framhaldi af útgáfu nýrrar reglugerðar.”
- 
- Í kafla 4.4. um söfnun og úrvinnslu dýrahæja er tekin út umfjöllun um Líforkuver ehf. í ljósi þess að fyrirtækið hefur hætt við byggingu líforkuvers fyrir CAT1 úrgang.
- 

#### Kafla 8 Fjármál

- 
- Í inngangi 8. kafla eru tilvísanir í einstaka fjárlagaliði teknar út, fjárlagaliðir geta breyst, þess í stað er vísað í ríkissjóð og orðalag verður almennt þannig að útfærsla á framkvæmd greiðslu kostnaðar og bóta verði samkvæmt samkomulagi milli ráðuneyta og MAST, þ.e. ráðuneyta fjármála og atvinnuvega, í stað þess að tilgreina nákvæmlega hvernig staðið skuli að framkvæmd. Samhliða er hnykk á því með breyttu orðalagi að hlutverk ATRN sé að afla fjárheimilda og að hlutverk Alþingis sé að veita fjármuni í verkefni, eldri texti var ekki nægjanlega nákvæmur því þar var sagt að ráðuneytið annaðist fjármögnun.
-

- 
- Gerð er breyting á fyrirkomulagi útgreiðslu bóta, þar sem gert er ráð fyrir að stjórnsýsluleg úrvinnsla afurðatjónsbóta færist til MAST, en í 1. útgáfu var gert ráð fyrir að það væri í verkahring ATRN, þannig myndast réttur bónda til að kæra stjórnvaldsákvörðun MAST til ráðuneytisins. Orðalagi um kærurétt bónda vegna stjórnvaldsákvörðunar var breytt og sett „æðra stjórnvalds“ í stað ATRN, því hægt er að kæra ákvarðanir um bætur til ráðuneytis eða kærunefndar eignarnámsbóta, eftir því hvaða þætti um ræðir. Að síðustu er hnykk á orðalagi um bætur fyrir hluti og efni á þann hátt að nú er skýrt að bæturnar eiga við um það sem er fargað samkvæmt fyrirmælum MAST.
- 
- Í kafla 8.1. tl. 1 var sett „framkvæmd“ í stað „viðgerða“ varnargirðinga, nauðsynlegt er að verkefnið nái einnig til þess að fjarlægja girðingar. Tekið var út að MAST geri samninga við verktaka sem er óþarft að tiltaka sérstaklega, stofnunin ætti að hafa frjálssar hendur um útfærslu á framkvæmd. Hnykk er á texta með úrvinnslu umsókna um greiðslur þannig að greiðslur séu almennt inntar af hendi innan tiltekins dagafjölda frá fullnægjandi umsókn.
- 
- Í kafla 8.1. var a. lið 4. töluliðar breytt á þann hátt að bætur fyrir bústofn sem skorinn hefur verið niður skuli byggjast á umsókn og framlagningu reikninga fyrir kaupum líflamba í stað þess að setja bótaupphæð per grip í reglugerð eins og stendur í útgáfu 1. Þá kemur nú einnig fram að sé kaupum líflamba ekki lokið innan þriggja ára frá niðurskurði eða endurreisn bústofns fer ekki fram verði bætt á grundvelli þess sem út af stendur og tekið mið af markaðsverði líflamba með V/x arfgerð (arfblendið með verndandi arfgerð).
- 
- Í kafla 8.1. var b. lið 4. töluliðar breytt á þann hátt að bætur fyrir hluti og efni sem er fargað að fyrirmælum MAST í kjölfar uppkomu riðuveiki skuli byggjast á umsókn og framlagningu matsblaðs óháðs matsmanns sem skilar mati sínu bæði til bóndans og MAST, í stað þess að MAST vinni og ákveði bætur án umsóknar og aðkomu viðkomandi bónda í upphafi málsmeðferðar.
- 
- Í kafla 8.1 var tekin út setningin í niðurlagi sem fjallaði um að heimilt yrði að skerða eða fella niður bætur til þeirra búa sem ekki rækta gegn riðuveiki í samræmi við markmið sem sett eru í kafla 3.3. Rétt þykir að slíkt miðist eingöngu við ákvæði sem sett eru í lög og reglugerðir.
- 
- Í kafla 8.2. var b. liður 3. töluliðar um afurðatjónsbætur fluttur í kafla 8.1. og verður b. liður 4. töluliðar.
- 

### Viðauki I og viðauki II

Gerðar eru uppfærslur á ártölum og dagsetningum þar sem við á, auk þess sem texti á lýsingum stöku verkefna var lagfærður án efnislegra breytinga.



## Samantekt

Í landsáætlun þessari kemur fram umtalsverð breyting á nálgun við að útrýma riðuveiki. Horft er frá því að reyna að útrýma smitefninu sjálfu, þess í stað verður megináhersla lögð á að útrýma veikinni með ræktun fjárstofns sem ber verndandi arfgerðir gegn riðusmítefninu ásamt áframhaldandi aðgerðum til að hefta mögnun og dreifingu smitefnisins. Horft er til þess að aðgerðir séu áhættumiðaðar, þær séu stigmagnandi og beint að tilteknum áhættuflokkuðum bæjum en ekki jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi. Sjö ára tímaviðmið er tekið upp í stað 20 ára, fyrirmyndin er sótt í ESB-reglur um riðuveiki og varða viðskipti með fé á milli landa, auk þess sem sjö ár er tvöfaldur meðalmeðgöngutími riðuveikismits.

Landsáætlunin gerir ráð fyrir flokkun á riðubæjum, áhættubæjum og öðrum bæjum í áhættuhólfi auk allra bæja landsins. Sett eru tímasett ræktunarmarkmið fyrir hvern flokk. Öllum verður gert skylt að rækta gegn riðuveiki í samræmi við stefnur og markmið sem sett eru í landsáætluninni, en miðað er við að ræktunarmarkmiðunum verði náð fram með jákvæðum hætti; með stuðningi, hvatningu og viðurkenningum. Lagt er til að bætur fyrir fellt fé taki mið af kaupverði líflamba með verndandi genasamsætu.

Aðgerðir við uppkomu riðuveiki fela í sér förgun á móttækilegu fé og minnkun á magni smitefnis, auk ýmissa tímabundinna kvaða og hafta á riðubæjum og viðkomandi áhættubæjum. Samhliða almennt kröfu um ræktun verndandi arfgerða er krafa um að á riðubæjum verði eingöngu fé sem ber verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Af því leiðir að hægt er að draga úr kostnaðarsömum hreinsunum og aðgerðum í kjölfar uppkomu riðuveiki.

Landsáætlunin skapar aðstæður til að aflétta viðamiklum höftum jafnt og þétt, höftum sem hvílt hafa á sauðfjárbændum í um 80 ár. Samhliða minnka fjárútlát hins opinbera vegna riðu í formi greiðslu kostnaðar vegna aðgerða við uppkomu riðuveiki, greiningu riðusýna og viðhaldi varnargirðinga. Stjórnsýsla við uppkomu riðuveiki og varnir gegn henni færast að mestu frá atvinnuvegaráðuneytinu (ATRN) til Matvælastofnunar (MAST). Þannig minnkar stjórnsýslan hjá ATRN en eykst hjá MAST, en í heild mun stjórnsýslan dragast saman innan fárra ára með fækkun riðutilfella og varnarhólfa. Verkefni sem ráðast þarf í næstu ár og fram koma í landsáætluninni kalla á fjárútlát, mest er þó um einskíptiskostnað að ræða. Innan áratugar munu fjárútlát hins opinbera dragast verulega saman og verða í framtíðinni þá aðallega vegna skimunar fyrir sjúkdómnum.

Með landsáætlun þessari fylgja tveir viðaukar með skilgreindum verkefnum sem ráðast þarf í á komandi misserum og eru ábyrgðaraðilar skilgreindir. Markmið með verkefnunum í viðaukunum er að tryggja að stefnur og markmið sem sett eru í áætluninni verði náð. Í viðauka I eru verkefni sem kalla á aukin útgjöld sem þarf að fjármagna, en í viðauka II eru verkefni sem falla almennt undir hlutverk viðkomandi ábyrgðaraðila og ætti ekki að þurfa að fjármagna sérstaklega. Æðstu yfirmenn stofnanna sem að landsáætluninni standa undirrita áætlunina og uppfærslur hennar, en Matvælastofnun er falið að annast árlega endurskoðun, eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

## Skammstafanir

|             |                                |
|-------------|--------------------------------|
| <b>BÍ</b>   | Bændasamtök Íslands            |
| <b>ATRN</b> | Atvinnuvegaráðuneytið          |
| <b>MAST</b> | Matvælastofnun                 |
| <b>MV</b>   | Mögulega verndandi genasamsæta |
| <b>RML</b>  | Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins |
| <b>V</b>    | Verndandi genasamsæta          |
| <b>x</b>    | Aðrar genasamsætur en VRQ      |



## Formáli

Í janúar 2022 fannst í fyrsta sinn á Íslandi genasamsæta í sauðfé sem verndar gegn riðuveiki (ARR) og opnaðist þannig ný leið í baráttunni gegn veikinni. Frá níunda áratug síðustu aldar hafa stjórnvöld unnið markvisst að því að útrýma veikinni með niðurskurði og ströngum smitvörnum með góðum árangri en betur má ef duga skal. Vilji er meðal bænda og stjórnvalda til að berjast gegn sjúkdómnum. Um er að ræða ólæknandi hægfara heilahrörnunarsjúkdóm, sem veldur bændum búsifjum, hinu opinbera miklum fjárútlátum og síðast en ekki síst dýrunum þjáningum.

Á vormánuðum 2023 skipaði matvælaráðherra sérfræðingahóp um riðumál sem vann með yfirdýralækni að gerð skýrslu sem bar yfirskriftina: „Aðgerðir gegn riðuveiki, ný nálgun með verndandi arfgerðum“. Skýrslan var afhent ráðherra þann 1. nóvember sama ár. Fyrsta áhersluatriði hópsins var:

*„Að gefa út sameiginlega landsáætlun um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda, áætlunin ætti að vera sameign matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Matvælastofnunar.“*

Matvælaráðherra ákvað í kjölfarið að ráðuneytið skyldi leiða gerð slíkrar landsáætlunar. Yfirdýralækni var falið að stýra þeirri vinnu og skipaði ráðherra sérstakan starfshóp í janúar 2024 til að vinna með yfirdýralækni að gerð áætlunarinnar. Starfshópin skipuðu:

- Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir
- Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ
- Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML
- Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá MAST
- Auður Lilja Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæknir smitsjúkdóma og faraldsfræði hjá MAST

Landsáætlun um útrýmingu riðuveiki er sameiginlegt stefnuskjal stjórnvalda og bænda, þ.e. ATRN, BÍ og MAST. Áætlunin lýsir því hvernig Ísland hyggst útrýma riðuveiki í sauðfé hér á landi innan tiltekins tímaramma. Áætlunin er undirrituð af æðstu fulltrúum ofangreindra aðila og birt á heimasíðum þeirra. Landsáætlunin skal endurskoðuð árlega, eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Sett eru markmið, verkþættir skilgreindir, fjármögnun tilgreind o.fl. Jafnframt er tilgreint hver ber ábyrgð á hverjum verkþætti. Nákvæmar útfærslur verkþátta eru ekki í þessari áætlun, svo sem ræktunaráætlun, sýnatökuáætlanir fyrir arfgerðir og sjúkdómsskimun, en skilgreint er hver ber ábyrgð á gerð þeirra, samþykkt, birtingu, eftirfylgni o.s.frv.

Samkvæmt landsáætlun þessari er verið að minnka höft og kvaðir sem hvílt hafa á sauðfjárþændum í áratugi. Á landssvæðum þar sem riðuveiki kemur upp verður til dæmis gildistími hafta styttri og hömlur á flutningi fjár og landbúnaðartækja milli bæja verða rýmri.



# 1. Stefna

Stefnt er að því að litlar líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð á Íslandi frá og með árinu 2028.

Stefnt er að því að Ísland hafi hlotið viðurkenningu ESB árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að upp komi riðuveiki í sauðfjárhjörð hér á landi.

Stefnt er að því að innan 20 ára hafi riðuveiki í sauðfé á Íslandi verið útrýmt, þ.e. frá og með árinu 2044. Þá hafi ekki greinst riðuveiki í neinni sauðfjárhjörð í sjö ár samfelld (2038-2044).

Þessu verði náð með ræktun V og MV arfgerða, smitvörnum, vöktun og viðbrögðum sem felast í aðgerðum til upprætingar smitefnis þegar upp kemur riðuveiki og nánar er lýst í áætlun þessari. Jafnframt verði sett fullnægjandi ákvæði í löggjöf sem tryggja framkvæmdina.



## 2. Ábyrgð

### Ábyrgð Bí og hagaðilar:

- 
- Bændur bera ábyrgð á smitvörnum og ræktun eigin hjarða auk töku sýna til arfgerðagreininga.
- 
- Bændur bera ábyrgð á að afhenda fé vegna stjórnsvaldsaðgerða við uppkomu riðuveiki, halda fé sem ekki er felld innan girðinga og að uppræta smitefni.
- 
- Allir bændur bera ábyrgð á að tilkynna og afhenda hræ af sjálfdaudu og felldu fullorðnu fé auk hausa af heimaslátruðu fullorðnu fé.
- 
- Fagráð í sauðfjárrækt ber ábyrgð á stefnu í kynbótum, sbr. 4. gr. laga nr. 70/1998 og bera þannig ábyrgð á gerð ræktunaráætlunar verndandi og mögulega verndandi arfgerða.
- 
- Bí ber ábyrgð á kynbótaskýrsluhaldi og kynbótamati, sbr. 10. gr. laga nr. 70/1998 og framlagningu upplýsinga tengdum landsáætlun þessari, en hefur Bí falið RML framkvæmd og umsjón með skýrsluhaldinu.
- 
- RML ber ábyrgð á útgáfu yfirlýsinga um bú/hjarðir sem uppfylla markmið sem sett eru í kafla 3.3 og birtingu þeirra.
- 
- RML ber ábyrgð á söfnun sýna til arfgerðagreininga, úrvinnslu þeirra og birtingu.
- 
- RML ber ábyrgð á eftirfylgni, ef landsáætlun þessari er ekki fylgt, og fellur undir ábyrgðarsvið Bí eða hagaðila.
-

**MAST:**

- 
- Endurskoða árlega landsáætlun þessa, taka saman mælipætti í samræmi við sett markmið og upplýsa um niðurstöður.
- 
- Leiðbeina um almennar og sértækar smitvarnir.
- 
- Hafa eftirlit með að stjórnvaldsfyrirmælum sé fylgt.
- 
- Láta taka og safna riðusýnum, senda til greiningar, vinna úr niðurstöðum og birta þær.
- 
- Undirbúa og framkvæma stjórnvaldsaðgerðir við uppkomu riðuveiki.
- 
- Greiða fyrir aðgerðir í kjölfar uppkomu riðuveiki, greiðslur nái til bóta fyrir bústofn, förgun efna og hluta.
- 
- Greiða afurðatjónsbætur í kjölfar uppkomu riðuveiki.
- 
- Greiða fyrir greiningu riðusýna skv. árlegri sýnatökuáætlun og söfnun sýna þegar við á.
- 
- Ákveða og greiða fyrir framkvæmdir á varnargirðingum.
- 
- Vinna úr tilkynningum um línubrjóta og greiða bætur vegna þeirra.
- 
- Beita stjórnvaldsákvörðunum til að ná fram markmiðum landsáætlunarinnar.
- 

**ATRN:**

Með fyrirvara um samþykki Alþingis, þar sem við á, ber atvinnuvegaráðuneytið ábyrgð á:

- 
- Vinna að nauðsynlegum laga- og reglugerðafyrirmælum tengdum landsáætlun þessari.
- 
- Afla fjárheimilda fyrir verkefni í Viðauka I.
- 
- Að komið verði á söfnunarfyrrirkomulagi dýrahæja á landsvísu.
- 
- Ákveða og greiða styrki fyrir arfgerðagreiningu sýna, skv. samningi við RML.
- 
- Ákveða og greiða styrki fyrir sæðingar til ræktunar á V og MV arfgerðum á landsvísu.
- 
- Ákveða og greiða styrki sem stuðla að hraðari ræktun á áhættubæjum með notkun hrúta.
- 
- Viðhalda opinberum stuðningsgreiðslum í kjölfar aðgerða við uppkomu riðuveiki.
-



### 3. Ræktun arfgerða með V og MV

Víða um heim er ræktað gegn riðuveiki í sauðfé og hefur ESB sett reglur þar að lútandi (reglugerð EB nr. 999/2001), en Ísland hefur ekki innleitt þann hluta reglugerðarinnar. Ræktun gegn riðuveiki í ESB er valkvæð, aðildarríkin ráða því sjálf hvort þau setja sér landsáætlanir um ræktun gegn riðuveiki. Nokkur lönd hafa gert það og náð eftirtekta-  
tarverðum árangri, svo sem Kýpur og Holland. Fram til ársins 2022 hafði Ísland ekki möguleika á að rækta gegn riðuveiki með sama hætti og gert er í löndum ESB, en þá fannst í fyrsta skipti hér á landi fé sem bar hina verndandi genasamsætu ARR. Það ár var einnig leitað að fleiri arfgerðum sem mögulega gætu verið verndandi gegn riðuveiki. Í því skyni voru tekin um 30.000 sýni vítt og breitt um landið. Í kafla 3.1 er nánar fjallað um þessar arfgerðir og útbreiðslu þeirra í íslenska fjárstofninum.

Arfgerð príon prótein-gensins samanstendur af tveim genasamsætum, einni frá hvoru foreldri. Aðeins ARR-genasamsætan er viðurkennd af alþjóðlegum stofnunum sem verndandi, en vísbendingar eru um að fleiri samsætur geti verið verndandi gegn riðuveiki. Sérfræðingahópur matvælaráðherra setti fram flokkun þessara arfgerða og birti í skýrslu sinni 1. nóvember 2023, sjá töflu 2 í kafla 3.1. Í ljósi þess að afar fáar kindur bera ARR hér á landi þá varð almenn samstaða um að nýta einnig kindur með mögulega verndandi arfgerðir til ræktunar gegn riðuveiki. Tíminn og frekari rannsóknir leiða svo í ljós hvort þær eru í raun verndandi líkt og ARR. Í landsáætlun þessari er stuðst við flokkun sérfræðingahópsins. MAST hefur tekið mið af þessari flokkun við mat á aðgerðum við uppkomu riðuveiki, sbr. kafla 3.4. Genasamsætan VRQ er alþjóðlega viðurkennd sem áhættuarfgerð sem ber að losna við með markvissu ræktunarstarfi.

Til hægðarauka er notast við eftirfarandi tákn í landsáætlun þessari:

- „V“ sem tákn fyrir verndandi genasamsætu, sem nú er aðeins ARR en gætu orðið fleiri í nánustu framtíð.
- „MV“ sem tákn fyrir mögulega verndandi genasamsætu, sem nú er AHQ, AC<sub>151</sub>RQ og AT<sub>137</sub>RQ en gætu orðið fleiri eða færri í nánustu framtíð.

Við ræktun riðupólinna stofna er lögð áhersla á að velja fé með eftirfarandi arfgerðir en með mismiklum áherslum eftir svæðum:

- V/V
- V/x
- MV/MV
- MV/x

Í landsáætlun þessari getur x verið hvaða genasamsæta sem er nema VRQ.

Viðmið og ræktunarmarkmið í landsáætlun þessari eru sett fram með ofangreindum táknum, þannig að við breytingar á flokkun t.d. úr „MV“ í „V“ í kjölfar rannsóknaniðurstaðna, breytast hvorki viðmið né markmið heldur breytist mengið sem útreikningar byggjast á. Ræktun gegn riðuveiki á Ísland er frábrugðin ræktunarreglum ESB. Hér á landi er gert ráð fyrir skipulagðri notkun mögulega verndandi arfgerða samhliða ræktun með verndandi arfgerð, ESB miðar aðeins við verndandi arfgerðir.

### 3.1 Flokkun arfgerða

Sjö genasamsætur príonprótein gensins (PRNP) hafa fundist í fé á Íslandi og eru táknaðar sem ARQ, VRQ, AHQ, ARR, AT<sub>137</sub>RQ, AN<sub>138</sub>RQ og AC<sub>151</sub>RQ. Með sjö samsætum í PRNP geninu er möguleiki á 28 mismunandi arfgerðum. Arfgerðirnar eru flokkaðar í næmar (N), verndandi (V) og mögulega verndandi (MV), sjá töflu 1.

Tíðni þessara genasamsæta er mismikil í stofninum, en samkvæmt upplýsingum frá RML, byggt á gögnum úr Fjárvís.is í nóvember 2023, var tíðni ARQ um 83% í stofninum, AHQ um 8%, AN<sub>138</sub>RQ 5%, VRQ 3%. Tíðni annarra samsæta var innan við 1%. Nánar má fræðast um mismunandi genasamsætur og auðkenningu þeirra í fræðsluefni undir yfirskriftinni „Ræktun gegn riðu í íslensku sauðfé – Leiðbeiningar á grunnatriðum við innleiðingu verndandi arfgerða“ sem aðgengilegt er á heimasíðu RML og í Hrútaskrá 2023 – 2024.

Tafla 1. Flokkun arfgerða.

|                               | <div>ARQ</div> | <div>VRQ</div> | <div>AHQ</div> | <div>ARR</div> | <div>AT<sub>137</sub>RQ</div> | <div>AN<sub>138</sub>RQ</div> | <div>AC<sub>151</sub>RQ</div> |
|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|
| <div>ARQ</div>                | N              |                |                |                |                               |                               |                               |
| <div>VRQ</div>                | N              | N              |                |                |                               |                               |                               |
| <div>AHQ</div>                | MV             | N              | MV             |                |                               |                               |                               |
| <div>ARR</div>                | V              | N              | V              | V              |                               |                               |                               |
| <div>AT<sub>137</sub>RQ</div> | MV             | N              | MV             | V              | MV                            |                               |                               |
| <div>AN<sub>138</sub>R</div>  | N              | N              | MV             | V              | MV                            | N                             |                               |
| <div>AC<sub>151</sub>RQ</div> | MV             | N              | MV             | V              | MV                            | MV                            | MV                            |

Aukin þekking með frekari rannsóknum gefur tilefni til að endurskoða flokkun gena-samsæta reglulega. Flokkun samsæta er sett með reglugerð um riðuveiki að fengnum tillögum MAST.

### 3.2 Fyrirkomulag sýnatöku til arfgerðagreininga

a. Sýnataka

Bændur ábyrgjast sjálfir framkvæmd sýnatöku til arfgerðagreininga og að auðkenni sýna séu skráð á rétta gripi í skýrsluhaldsforritinu Fjárnís. Forskráning sýna er framkvæmd áður en sýnum er skilað til greiningar en skráningin er forsenda þess að niðurstöður verði aðgengilegar í Fjárnís. Þeir sem ekki hafa tök á því að forskrá sýni geta fengið þá þjónustu hjá RML gegn gjaldi. RML sér um að tryggja bændum sýnatökubúnað, fyrirkomulag getur verið breytilegt eftir greiningaraðila hverju sinni en sýni sem greind verða á vegum RML skulu tekin með búnaði sem RML viðurkennir. Umsýsla og kostnaður vegna búnaðar er hluti af greiningarkostnaði en viðtakandi ber kostnað vegna sendinga á sýnatökuefni.

b. Greining sýna

RML annast öll samskipti við greiningaraðila og rannsóknarstofur sem þeir hafa samið við og þannig er tryggt að bændum standi til boða þjónusta við arfgerðagreiningar. RML tryggir móttöku sýna en fyrirkomulag móttöku getur verið

breytilegt eftir því hvert sýnin fara til greiningar. Bændur sjá um að senda inn sýni samkvæmt fyrirmælum og bera kostnað af því að koma þeim á móttökustað. Bændur geta þó skipt við hvern þann greiningaraðila sem býður upp á viðurkennda þjónustu og skilar niðurstöðum til RML samkvæmt c-lið.

### c. Niðurstöður greininga og meðferð gagna

RML annast móttöku niðurstaðna og heldur utan um niðurstöður greininga í skýrslu-haldsforritinu Fjávís. Niðurstöður sem þar eru birtar teljast fullgildar. Jafnframt ber RML ábyrgð á því að í Fjávís fari eingöngu niðurstöður frá viðurkenndum greiningaraðilum og setur kröfur um á hvaða formi niðurstöður skulu vera. RML verði þannig gefin heimild í reglugerð til að neita skráningu arfgerða uppfylli greining ekki sett skilyrði. Sé hægt að spá fyrir um greiningu afkvæmis út frá niðurstöðum foreldra samkvæmt Fjávís með 100% öryggi, telst spáin sem fullgild greining og nýtist sem slík við alla útreikninga í Fjávís. Til að auka öryggi gagna sem unnið er með í ræktunarstarfinu verður arfgerðagreining allra hrúta sem veljast á sæðingastöðvar staðfest með endurgreiningu á nýju sýni úr viðkomandi grip.

Afkvæmi foreldra sem hægt er að ætla að séu örugglega með annað hvort V eða MV genasamsætu, s.s. lömb undan hrútum sem bera V/MV arfgerð fá sérstaka merkingu/flagg í Fjávís. Þessar merkingar verði hægt að nýta sem mat á arfgerð á en ekki kynbótahrúta. Til þess að arfgerð kynbótahrúta verði tekin gild og nýtist við mat á árangri samkvæmt kafla 3.3. þurfa þeir að hafa fullgilda greiningu. Arfgerðaspár verða ekki byggðar á þessum sérstöku merkingum/flöggum.

## 3.3 Markmið um útbreiðslu V og MV arfgerða

Öllum sauðfjáreigendum er skylt að rækta gegn riðuveiki í samræmi við stefnur sem settar eru fram í fyrsta kafla og markmið sem sett eru fram í töflum 2-5 í þessum kafla. Í töflunum er með „ásetningsfé“ átt við allt fé sem sett er á til lífs að hausti og á bæði við um lömb og fullorðna gripi.

Markmiðin byggja m.a. á því að horfa til samsetningar hrútastofnsins m.t.t. arfgerða. Ef fullnægjandi skráning á notkun hrútanna liggur fyrir (fangskráning í Fjávís) skal byggja mat á árangri viðkomandi bús á þeim upplýsingum fremur en samsetningu hrútakostsins sem gefur þá m.a. færi á að tekið sé tillit til notkunar á sæðingahrútum og mismikilli notkun á einstaka hrútum.

Við markmiðasetningu er tekið tillit til nokkurra ólíkra sjónarmiða. Á meðal þátta er horft til er að dregið sé sem hraðast úr líkum á því að upp komi riða en jafnframt stefnt að því að lágmarka skyldleikaræktunaraukningu í stofninum samhliða innleiðingunni, að erfðafjölbreytileika sé viðhaldið og að eftirgjöf í ræktunarframförum í helstu kyn-

bótæiginleikum verði sem minnst. Jafnframt er horft til þess að markmiðin séu sem minnst íþyngjandi og kostnaður við að ná þeim sé hóflegur. Því er lagt upp með að hraði innleiðingar á verndandi arfgerðum geti verið mismunandi milli bæja eftir áhættumati og veitt svigrúm til hagnýtingar á mögulega verndandi arfgerðum.

Forsenda þess að á áhættubúum náist markmiðið um að >75% ásettra áa beri V/x eða MV/x arfgerðir haustið 2028 er að frá haustinu 2024 sé markvist settar á gímbrar sem bera V/x eða MV/x arfgerðir. Þannig verði tímabundið fjárhagslega stutt við notkun hrúta á áhættubæjum sem bera V/V, V/MV eða MV/MV.

Lögð er áhersla á að riðubæir njóti mests forgangs við ræktun, síðan áhættubæir, þá aðrir bæir í áhættuhólfum og síðast aðrir bæir í landinu.

Gert er ráð fyrir að hægt sé að veita bændum undanþágu frá neðangreindum markmiðum fyrir gripi með einstaka eiginleika, svo sem forystufé, feldfé, brúskfé o.fl. Slíkar undanþágur verði veittar af Matvælastofnun að fenginni umsögn frá fagráði í sauðfjárrækt og erfðanefnd landbúnaðarins.

**Tafla 2.** Riðubæir — markmið um arfgerðir ásetningsfjár.

| Uppbygging                               | Markmið                             | Aflétting á aðskilnaði eftir niðurskurð                   |
|------------------------------------------|-------------------------------------|-----------------------------------------------------------|
| Allir gripir beri V samsætur             | Allt fé V/V eða V/x                 | Af öllu fé eftir 2 ár                                     |
| Gripir geta ýmist borið V og MV samsætur | >75% fjárins V/V eða V/x rest MV/MV | Af fé með V/V og V/MV eftir 2 ár<br>Af öllu fé eftir 7 ár |

Í kafla 3.4 er fjallað um aðgerðir við uppkomu riðuveiki og skilyrði um ræktun eftir því hvor leiðin við uppbyggingu hjarðar er valin.

**Tafla 3.** Markmið um arfgerðina VRQ í ásetningsfé

| Frá og með hausti 2025    |                               |
|---------------------------|-------------------------------|
| Riðubæir                  | Ekkert fé er VRQ/x            |
| Áhættubæir                | Engir kynbótahrútar eru VRQ/x |
| Aðrir bæir í áhættuhólfum | Engir kynbótahrútar eru VRQ/x |
| Aðrir bæir í landinu      | Engir kynbótahrútar eru VRQ/x |



Tafla 4.1 Markmið um verndandi og mögulega verndandi arfgerðir í ásetningsfé.

|                              | Haut 2025                                                                | Haut 2026                                                 | Haut 2027                                                 | Haut 2028                                          | Haut 2029                                          | Haut 2032                                              | Haut 2034                                | Haut 2044                                |
|------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|----------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|------------------------------------------|------------------------------------------|
| Áhættubæir                   | >25% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x                | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV*       | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV        | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV     |                                          |                                          |
|                              |                                                                          | >50% ásettra áa er V/x eða MV/x                           | >63% ásettra áa er V/x eða MV/x                           | >75% ásettra áa er V/x eða MV/x                    | >83% ásettra áa er V/x eða MV/x                    | 100% ásettra áa er V/x eða MV/x                        |                                          |                                          |
| Áðrir bæir í áhættuhólfi     | >50% kynbóta-hrúta er V/x eða MV/x þó þannig að >25% kynbótahrúta er V/x | >25% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x | >50% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin V/x eða MV/x | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV | >75% kynbóta-hrúta er V/V eða V/MV og restin MV/MV     |                                          |                                          |
|                              |                                                                          | >25% ásettra áa er V/x eða MV/x                           | >37% ásettra áa er V/x eða MV/x                           | >50% ásettra áa er V/x eða MV/x                    | >63% ásettra áa er V/x eða MV/x                    | >90% ásettra áa er V/x eða MV/x                        |                                          |                                          |
|                              |                                                                          |                                                           |                                                           |                                                    |                                                    | <10% ásettra áa er x/x                                 |                                          |                                          |
| Landið allt utan áhættuhólfa | >50% kynbóta-hrúta í 25% hjarða er V/x eða MV/x                          | >50% kynbóta-hrúta í 50% hjarða er V/x eða MV/x           | >50% kynbóta-hrúta í 75% hjarða er V/x eða MV/x           | >50% kynbóta-hrúta í 90% hjarða er V/x eða MV/x    | >75% kynbóta-hrúta í 90% hjarða er V/x eða MV/x    | 100% kynbóta-hrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV | >50% fjár í hverri hjörð er V/x eða MV/x | >90% fjár í hverri hjörð er V/x eða MV/x |

**Tafla 4.2** Ef riða kemur upp í varnarhólfu sem ekki er áhættuhólf.

|                                     | <b>Haust 2025</b>                                                      | <b>Haust 2026</b>                                                      | <b>Haust 2027</b>                                                      | <b>Haust 2028</b>                                                      | <b>Haust 2029</b>                                            | <b>Haust 2032</b>                                            | <b>Haust 2034</b> | <b>Haust 2044</b> |
|-------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Áhættubæir</b>                   | >25% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin V/x eða<br>MV/x | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin V/x eða<br>MV/x | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV           | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV           | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV |                   |                   |
|                                     |                                                                        | >34% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                                  | >50% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                                  | >63% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                                  | 100% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                        |                                                              |                   |                   |
| <b>Aðrir bæir<br/>í áhættuhólfu</b> | >25% kynbóta-<br>hrúta er V/x                                          | >50% kynbóta-<br>hrúta er V/x<br>eða MV/x þó<br>þannig að              | >25% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin V/x eða<br>MV/x | >50% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin V/x eða<br>MV/x | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV | >75% kynbóta-<br>hrúta er V/V<br>eða V/MV og<br>restin MV/MV |                   |                   |
|                                     |                                                                        | >25% kynbóta-<br>hrúta er V/x                                          | >25% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                                  | >34% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                                  | >50% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                        | >90% ásettra<br>áa er V/x eða<br>MV/x                        |                   |                   |
|                                     |                                                                        |                                                                        |                                                                        |                                                                        |                                                              | <10% ásettra<br>áa er x/x                                    |                   |                   |

Í markmiðum um kynbótahrúta er átt við þá hrúta sem notaðir eru til undaneldis á búinu, hvort heldur það eru heimahrútar eða sæðingahrútar.

**Tafla 5.** Markmið um arfgerðir sölulamba.

| <b>Haust 2025</b>  |                                                            |
|--------------------|------------------------------------------------------------|
| <b>Allt landið</b> | > 95% sölulamba eru V/x eða MV/x. Engin sölulömb með VRQ/x |

## 3.4 Ræktunaráætlun og eftirfylgni

### a. Ræktunarmarkmið

Markmið um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða sem sett eru fram í landsáætlun þessari byggja á stefnu fagráðs í sauðfjárrækt um ræktun gegn riðu. Fagráð ber ábyrgð á að markmiðum um innleiðingu sé fylgt við mótun ræktunarstarfsins og að tekið sé tillit til þeirra varðandi reglur og stefnumörkun sem lúta að framkvæmd kynbótastarfs í sauðfjárrækt. Við árlega endurskoðun landsáætlunar þessarar skal samráð haft við fagráðið um endurskoðun markmiða um innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða.

### b. Sauðfjársæðingar

Sauðfjársæðingastöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða. Sauðfjárræktarráðunautar RML bera ábyrgð á að val á hrútum inn á sæðingastöðvarnar samræmist gildandi ræktunarmarkmiðum sem samþykkt hafa verið af fagráði í sauðfjárrækt. Það felur m.a. í sér að innleiða verndandi og mögulega verndandi arfgerðir í stofninn. Flutningur hrúta á sæðingarstöðvar er háður samþykki Matvælastofnunar. Í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 540/2016. ATRN ákveður og annast greiðslu styrkja sem miða að því að auka notkun sæðinga með V og MV hrútum í samráði við sæðingastöðvar.

### c. Eftirfylgni

#### Skýrsluhald

RML ber ábyrgð á að í skýrsluhaldskerfinu Fjárvís.is séu aðgengilegar skýrslur sem mæla árangur ræktunar gegn riðu og að aðgengilegt sé í Fjárvís mælaborð sem birtist bóndanum og gefur stöðu á samsetningu hjarðarinnar m.t.t. arfgerða ásamt upplýsingum um markmiðin. Einnig að það birtist bóndanum hvar hans bú stendur miðað við önnur bú í sama flokki. Við mat á árangri ræktunar verður jafnframt notast við niðurstöður línulegs líkans sem spáir fyrir um tíðni samsæta. Slíkt mat mun fyrst og fremst nýtast til að mæla árangur á búum þar sem ekki er hægt að spá fyrir um arfgerð ána.

Tvisvar á ári rýnir RML skráningar í Fjárvís.is, í upphafi árs annars vegar og fyrir fengitið hins vegar, ber niðurstöður saman við ræktunarmarkmið og miðlar upplýsingunum opinberlega. RML er heimilt að ákveða hver sé lágmarksfjöldi kinda í hjörð, þó ekki fleiri en 50 kindur, til að hún verði tekin með í útreikningum um ræktunarárangur innan hjarðar eða áa í settum markmiðum. RML og fagráð í sauðfjárrækt bregðast við með fræðslu og ráðgjöf ef útlit er fyrir að sett markmið náist ekki. Verði þörf á sérstöku átaksverkefni í þessu sambandi að mati RML, fagráðs og MAST, verður unnið að slíku í samráði við ATRN, enda verði þá fjármagn til þess tryggt. Sé tilefni til að beita stjórnvaldsákvörðun til að ná settum markmiðum ber MAST ábyrgð á að það sé gert. Forsenda þess að hægt sé að beita þvingunum eða refsingum er að ákvæði sé um slíkt í lögum.

### Verðlaunaveitingar

Fagráð í sauðfjárrækt ber ábyrgð á að tekið sé tillit til markmiða um ræktun gegn riðu við allar verðlaunaveitingar í sauðfjárrækt, hvort sem um er að ræða einstaka gripi eða bú eða lista yfir úrvalsþú. Þess verði gætt að verðlauna ekki bú sem ekki stenst markmið sem sett eru í landsáætlun þessari.

### Fræðsla og upplýsingar

RML og MAST annast kynningu á landsáætlun þessari með fundum og fræðsluefni þar sem lögð er áhersla á að hvetja bændur til að ná markmiðum um ræktun gegn riðu.

## 3.5 Áætlun um arfgerðagreiningar

Forsenda þess að markmið náist um ræktun sem sett eru fram í kafla 3.3 er að val ræktunargripa byggji að hluta til á niðurstöðum arfgerðagreininga.

RML ber ábyrgð á gerð áætlunar um arfgerðagreiningar, framkvæmd sýnatöku og greiningu, auk úthlutunar styrkja til niðurgreiðslu greininga. ATRN ber ábyrgð á ákvörðun um heildarupphæð árlegra styrkja til arfgerðagreininga og gerð samnings við RML um úthlutun þeirra til bænda, í samræmi við áherslur og forgangs röðun sem fram kemur í kafla þessum.

Áhersla er lögð á markvisst val kynbótahrúta og að arfgerð allra kynbótahrúta sé þekkt. Áhersla á greiningar gimbra verði mest í áhættuhólfum í samræmi við markmið um hraða innleiðingar. Lögð verður áhersla á að allar gimbrar, á öllum svæðum, sem eru undan arfblandnum sæðingastöðvahrútum séu greindar.

Áhersla verði lögð á að styrkja arfgerðagreiningu afkvæma undan V gripum umfram afkvæmi undan MV gripum. Miðað er við að styrkur vegna greininga á afkvæmum gripa með V geti verið allt að tvöfalt hærri en styrkur til greininga á afkvæmum gripa með MV.

Fyrir 1. desember ár hvert leggur RML fram drög að áætlun fyrir ATRN um þörf á arfgerðagreiningum komandi árs. Fyrir 31. desember ákveður ATRN heildarupphæð styrks. Eigi síðar en 20. janúar leggur RML fram skýrslu um arfgerðagreiningar sl. árs. Þar komi fram umfang greininga, kostnaður við verkefnið og hvernig nýting á styrkjum var háttað. Jafnframt sé lögð fram endanleg áætlun um arfgerðagreiningar á komandi ári. Þær tölur byggja m.a. á endanlegu uppgjöri á arfgerðagreiningum síðasta árs og upplýsingum um ásetning komandi árs ásamt notkun sæðinga samkvæmt skráningum í Fjárvis. Í framhaldinu sé gengið frá samningi um stuðning vegna arfgerðagreininga og skal sá samningur liggja fyrir eigi síðar en 31. janúar.

RML birtir skýrslu einu sinni á ári um stöðu innleiðingar verndandi og mögulega verndandi arfgerða. Skýrslan sé lögð fram eigi síðar en 15. febrúar og byggir á að gerð sé greining á stöðu fjárstofnsins þar sem þátttaka og árangur í innleiðingu er borinn saman við markmið, skipt niður eftir áhættuflokkum búa.



## 4. Varnir gegn riðuveiki

Samhliða ræktun gegn riðuveiki er nauðsynlegt að fyrirbyggja nýsmit og dreifingu smitefnis innan hjarðar og milli hjarða. Bregðast þarf við uppkomu riðuveiki með það að markmiði að fjarlægja eða minnka magn smitefnis eins og ástæða er til hverju sinni, allt eftir aðstæðum og arfgerðum hvernar hjarðar. Samspil sóttvarna og ræktunar er mikið. Vægi sóttvarna minnkar í réttu hlutfalli við ræktun fjár með verndandi arfgerðir. Þannig er það afgerandi þáttur í viðbrögðum við uppkomu riðuveiki að nýr fjárstofn sé með hátt hlutfall af V genasamsætum. Af þessu leiðir að minni þörf verður á víðtækri og kostnaðarsamri hreinsun.

Sama gildir um ýmis höft sem sett eru á bæi og landsvæði í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu smitefnis. Því herra hlutfall V og MV genasamsæta í hjörðum og landsvæðum því minni höft, þ.á.m. kostnaðarsöm uppskipting landsins í varnarhólf.

Forvarnir eru margvíslegar og á mörgum stigum og þarfnast stöðugrar uppfærslu eftir því sem ræktun gegn riðuveiki vindur fram.

### 4.1 Takmarkanir og aðgerðir á bæjum

Ákvörðun um takmarkanir og aðgerðir skal byggjast á áhættuflokkun viðkomandi bæja. Takmarkanir á flutningi fjár, tækja, efna o.s.frv., skulu byggja á líkum á að smitefnið berist í næmt fé við flutninginn. Ákvörðun um afléttingu takmarkana skal taka mið af framvindu ræktunar á fé með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir. Mögulegar undanþágur frá takmörkunum sem settar eru á bæi eru háðar leyfi MAST. Bæir eru flokkaðir í eftirtalda flokka:

- **Riðubær** er bær þar sem riða hefur verið staðfest og opinberar takmarkanir hvíla á. Riðubær verður áhættubær þegar þeim sérstöku takmörkunum sem settar hafa verið á bæinn hefur verið aflétt.

- **Áhættubær** er bær sem hefur faraldsfræðilegar tengingar við riðubæ undangengin sjö ár fyrir staðfestingu riðunnar. Tengingarnar geta m.a. verið samgangur fólks og/eða fjár, samnýting aðhalds, fjárhúsa, tækja og tóla, fjárrag eða flutningar fjár. MAST metur og ákveður hvaða bæir falla hér undir og skiptir þeim í þrjá undirflokka á grundvelli mismikillar áhættu, allt eftir tengingu hvers og eins þeirra við riðubæ. Flokkunina má sjá í töflu 6. Bær er áhættubær í sjö ár frá uppkomu riðu á viðkomandi riðubæ.
- **Aðrir bæir í áhættuhólfi** eru þeir bæir í varnarhólfi þar sem riða hefur verið staðfest í síðastliðin sjö ár, en eru hvorki riðubæir né áhættubæir.

Tafla 6. Flokkun áhættubæja.

| Áhættuflokkur | Viðmið                                                                           |
|---------------|----------------------------------------------------------------------------------|
| 1             | Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), ekki með V                              |
| 1             | Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, ekki með V                                    |
| 1             | Sameiginlegt fjárrag í húsi                                                      |
| 1             | Samgangur/-hjálp bænda á sauðburði                                               |
| 1             | Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við slímhúð eða líkamsvessa             |
| 2             | Fé til lífs frá riðubæ (hrútar/ær/lömb), með V                                   |
| 2             | Hrútar fengnir að láni frá riðubæ, með V                                         |
| 2             | Sameiginlegt fjárrag í aðhaldi heima á bæjum                                     |
| 2             | Sameiginlegur fjárflutningur                                                     |
| 2             | Samnýting tækja/tóla með beina snertingu við fé, ef ekki slímhúð eða líkamsvessa |
| 2             | Samnýting á skítadreifurum                                                       |
| 2             | Sameiginlegt beitiland með fóðurgrindum og drykkjartrogum                        |
| 3             | Fóður fengið frá riðubæ                                                          |
| 3             | Regluleg samnýting landbúnaðartækja með óbeina snertingu við fé                  |
| 3             | Landfræðileg lega (aðliggjandi bæir)                                             |

### Takmarkanir á riðubæ

- 
- Lengri takmörkunartími er settur á riðubæi þar sem fé er með MV/x en bæi þar sem allt féð ber V/x, allt að sjö ár í stað tveggja ára.
- 
- Árleg klínísk skoðun á vegum MAST.
- 
- Kindum sem ekki eru skornar niður og þær sem við hjörðina kunna að bætast skal halda innan fjárheldra girðinga á bænum og fjarri öðrum hjörðum, enda greinist hefðbundin riða ekki á takmörkunartíma. Takmörkunartími frá niðurskurði er tvö ár á bæjum þar sem allt féð ber V/x en allt að sjö ár á bæjum þar sem hluti gripa ber ekki V. MAST er þó heimilt að leyfa að kindurnar séu haldnar innan girðingar annars staðar.
- 
- Skyld er að rækta upp hjörð á riðubæ með það að markmiði að hún verði ónæm fyrir riðu, enda verði allt ásetningsfé arfgerðagreint séu genasamsætur ekki þekktar.
- 
- Við ræktun skal nota V/V hrúta, en á bæjum með MV fé (þar sem hluti gripa er ekki með V) er að auki heimilt að nota V/MV og MV/MV.
- 
- Aðkeyptir hrútar skulu vera V/V.
- 
- Aðkeyptar lambgimbrar skulu bera V/x.
- 
- Fé sem hvorki ber V né MV skal aflífa eða slátra. Fé sem ekki ber V og er eldra en þriggja mánaða er heimilt að senda til slátrunar að því tilskyldu að tekin séu heila- og eitlasýni og beðið niðurstöðu greininga áður en dreifing afurða er leyfð.
- 
- Framvísa skal til MAST öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum og úr því skal taka heila- og eitlasýni. Jafnframt ber að upplýsa Matvælastofnun um vanhöld úr heimahögum eða af afrétti.
- 
- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá riðubæ á önnur fjárbú, en Mast getur leyft flutning á V/V hrútum til riðu- og áhættubæja innan hólfs, þó ekki fyrstu tvö árin.
- 
- Á takmörkunartíma skal ásetningsfé sem ekki er V/V eða V/MV sérstaklega litamerkt.
- 
- Bannað er að flytja frá riðubæ á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur eða gæti hafa komist í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum, svo sem rúningskamba, búnaður til inndælingar í munn, áhöld tengd sauðburði o.fl.
- 
- Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefnið, svo sem ómtæki, vogir, landbúnaðarvélar, fóður o.fl., er háð leyfi frá MAST, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
-

*Aflétting takmarkana á riðubæjum:*

- Í hjörðum þar sem allt fé er með V genasamsætu verður takmörkunum sem sérstaklega eru settar á riðubæi að jafnaði aflétt þegar tvö ár eru liðin frá uppkomu riðunnar.
- Í hjörðum með blöndu af fé með V og MV genasamsætur verður takmörkunum sem sérstaklega eru settar á riðubæi aflétt þegar sjö ár eru liðin frá uppkomu riðunnar eða fyrr ef >75% hjarðarinnar ber V/V og rest V/x eða MV/MV, þó ekki fyrr en að tveimur árum liðnum.
- Á takmörkunartíma er heimilt að setja á afrétt fé með V/V. Einnig er heimilt að setja á afrétt fé með V/MV, þó ekki fyrr en að tveimur árum liðnum frá uppkomu riðunnar.
- Riðubær verður áhættubær í fyrsta flokki þegar þeim sérstöku takmörkunum sem settar hafa verið á bæinn hefur verið aflétt.

**Takmarkanir á áhættubæ**

- Klínísk skoðun á vegum MAST, tvisvar á ári á búum í fyrsta áhættuflokki en einu sinni á ári á búum í öðrum og þriðja áhættuflokki.
- Skýlt er að rækta upp hjörð á áhættubæ með það að markmiði að hún verði ónæm fyrir riðu.
- Aðkeyptir hrútar skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV.
- Aðkeyptar lambgimbrar skulu vera V/x eða MV/x.
- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú, en flutningur fjár með arfgerð V/V, V/MV eða MV/MV er heimill til riðu- eða áhættubæja innan hólfs, með leyfi MAST.
- Bannað er að flytja frá áhættubæ á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum.
- Framvísa skal til MAST öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum, jafnframt skal upplýsa MAST um vanhöld úr heimahögum eða af afrétti.

*Aflétting takmarkana á áhættubæ:*

- Takmörkunum er aflétt af áhættubæ þegar >75% áa er með V/x eða MV/x arfgerðir eða þegar sjö ár eru liðin frá uppkomu riðu á tengdum riðubæ.
- Þegar takmörkunum sem settar eru á áhættubæ er aflétt þá flyst hann í flokkinn „aðrir bæir í áhættuhólfi“.



### Takmarkanir á öðrum bæjum í áhættuhólf

- Skylt er að rækta upp hjörð með það að markmiði að hún verði ónæg fyrir riðu.
- Óheimilt er að flytja lifandi fé frá bænum á önnur fjárbú, en flutningur fjár með arfgerð V/x eða MV/MV er heimill innan hólfis, með leyfi MAST. Þó er MAST heimilt að veita undanþágu til flutnings T137/x.
- Bannað er að flytja frá bænum á önnur fjárbú eða samnýta allt það sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum nema með leyfi MAST.
- Framvísa skal til MAST öllu fé 18 mánaða og eldra sem drepst eða er aflífað á bænum, jafnframt skal upplýsa MAST um vanhöld úr heimahögum eða af afrétti.

### Aflétting takmarkana á öðrum bæjum í áhættuhólf:

- Takmörkunum er aflétt af bæ sem er í áhættuhólf þegar >75% kynbótahrúta eru með V/V eða V/MV arfgerðir og restin V/x eða MV/x, og þegar >50% ásettra áa eru með V/x eða MV/x. Þar af leiðandi verður bænum heimilt að flytja lifandi fé til bæja í öðrum áhættuhólfum og samnýta tæki og tól með þeim bæjum. Skilyrði er þó að féð beri V/V, V/MV eða MV/MV.

**Tafla 7.** Yfirlit yfir reglur umfram almennar skyldur.

| Takmarkanir og aðgerðir                                  | Riðubær allir gripir bera V/x                      | Riðubær gripir bera V/x eða MV/x                                                                             | Áhættubær í 1. áhættuflokki                                   | Áhættubær í 2. áhættuflokki                                   | Áhættubær í 3. áhættuflokki                                   | Aðrir bæir í áhættuhólfi                                                                                     |
|----------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Takmörkunartími/aflétting</b>                         | Tvö ár                                             | Allt að sjö ár eða þegar >75% hjarðar er V/V og rest V/x eða MV/MV þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá riðu | Allt að sjö ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x | Allt að sjö ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x | Allt að sjö ár frá riðu eða þegar >75% áa er með V/x eða MV/x | Allt að sjö ár frá riðu eða þegar >75% hrúta er V/V eða V/MV og rest V/x eða MV/x og >50% áa er V/x eða MV/x |
| <b>Fé sé haldið innan girðingar og frá öðrum hjörðum</b> | Tvö ár                                             | Sjö ár                                                                                                       |                                                               |                                                               |                                                               |                                                                                                              |
| <b>Opinber klínísk skoðun</b>                            | Árlega                                             | Árlega                                                                                                       | Tvisvar á ári                                                 | Árlega                                                        | Árlega                                                        |                                                                                                              |
| <b>Ræktun fyrir V í samræmi við markmið</b>              | Skylt                                              | Skylt                                                                                                        | Skylt                                                         | Skylt                                                         | Skylt                                                         | Skylt                                                                                                        |
| <b>Kynbótahrútar</b>                                     | Skulu vera V/V                                     | Skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV                                                                               | Fylgja ræktunar-áætlun                                        | Fylgja ræktunar-áætlun                                        | Fylgja ræktunar-áætlun                                        | Fylgja ræktunar-áætlun                                                                                       |
| <b>Flutningur hrúta inn á bú</b>                         | Heimilt ef V/V                                     | Heimilt ef V/V                                                                                               | Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV                                 | Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV                                 | Heimilt ef V/V, V/MV og MV/MV                                 |                                                                                                              |
| <b>Flutningur gímra inn á bú</b>                         | Heimilt ef V/x                                     | Heimilt ef V/x                                                                                               | Heimilt ef V/x eða MV/x                                       | Heimilt ef V/x eða MV/x                                       | Heimilt ef V/x eða MV/x                                       |                                                                                                              |
| <b>Slátrun fjár sem ekki bera V eða MV</b>               | Skylt (ef eldri en þriggja mán. þá háð leyfi MAST) | Skylt (ef eldri en þriggjamán. þá háð leyfi MAST)                                                            |                                                               |                                                               |                                                               |                                                                                                              |
| <b>Fé sem drepst/ aflífað á bæ og afföll</b>             | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST              | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST                                                                        | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST                         | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST                         | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST                         | Skylt að upplýsa og framvísa til MAST                                                                        |

| Takmarkanir og aðgerðir                                                                                                         | Riðubær allir gripir bera V/x    | Riðubær gripir bera V/x eða MV/x                                                                         | Áhættubær í 1. áhættuflokki                                                                    | Áhættubær í 2. áhættuflokki                                                                    | Áhættubær í 3. áhættuflokki                                                                    | Aðrir bæir í áhættuhólfi                                       |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|
| <b>Flutningur fjár frá bæ á önnur fjárbú</b>                                                                                    | Óheimilt fyrstu tvö árin         | Óheimilt fyrstu tvö árin, en síðan heimilt fyrir V/V til riðu- og áhættu-bæja innan hólfs með leyfi MAST | Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfs með leyfi MAST | Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfs með leyfi MAST | Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV eða MV/MV til riðu- eða áhættubæja innan hólfs með leyfi MAST | Óheimilt, nema fyrir V/x eða MV/MV innan hólfs með leyfi MAST* |
| <b>Flutningur fjár frá bæ á afrétt</b>                                                                                          | Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV | Óheimilt, nema fyrir V/V og V/MV                                                                         |                                                                                                |                                                                                                |                                                                                                |                                                                |
| <b>Sérstök eyrnamerki</b>                                                                                                       | Skylt, í fé sem ekki er V/V      | Skylt, í fé sem ekki er V/V eða V/MV                                                                     |                                                                                                |                                                                                                |                                                                                                |                                                                |
| <b>Flutningur á önnur fjárbú eða samnýting á öllu því sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár á bænum</b> | Bannað                           | Bannað                                                                                                   | Bannað                                                                                         | Bannað                                                                                         | Bannað                                                                                         | Bannað                                                         |
| <b>Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefnið</b>                                                        | Háð leyfi Mast                   | Háð leyfi Mast                                                                                           |                                                                                                |                                                                                                |                                                                                                |                                                                |

\* Þó er heimilt að veita undanþágu frá þessu fyrir T137/x

## 4.2 Sauðfjárveikivarnahólf

Upphaf sauðfjárveikivarnahólfa má rekja allt til ársins 1937 en þá voru fyrstu varnargirðingarnar reistar til að verjast smitsjúkdómum sem kenndir voru við Karakúlféð, mæðiveiki og garnaveiki.

Varnarhólf voru mynduð jafnt og þétt samhliða niðurskurði fjár vegna þessara sjúkdóma, flest urðu hólfín um 40. Fullvíst er að mæðiveiki (votamæði og þurramæði) var útrýmt 1965 að undangengnum víðtækum niðurskurði. Garnaveiki er hins vegar enn útbreidd í flestum varnarhólfum og er nú bólusett við sjúkdómnum í fjölmörgum hólfum.

Varnarhólf hafa gengt mikilvægu hlutverki í aðgerðum gegn riðuveiki. Með ákvæði í lögum um dýrasjúkdóma hefur frjáls samgangur fjár og flutningur þess verið bannaður á milli hólfa. Þegar formlegar stjórnvaldsaðgerðir hófust gegn riðuveiki með setningu reglugerðarinnar 1986 voru staðfestir riðubæir í 24 varnarhólfum af 37. Samkvæmt núgildandi reglugerð telst varnarhólf sýkt í 20 ár frá síðustu greiningu á riðu. Í janúar 2024 töldust sjö hólf sýkt af 25 hólfum, en þau eru þessi:


- Húna- og Skagahólf (til og með 2043)
- Miðfjarðarhólf (til og með 2043)
- Vatnsneshólf (til og með 2041)
- Tröllaskagahólf (til og með 2040)
- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (til og með 2030)
- Suðurfjarðahólf (til og með 2025)
- Biskupstungnahólf (til og með 2024)

Í janúar 2025 teljast að óbreyttu, sex af 25 hólfum sýkt svæði og í janúar 2026 verða fimm af 25 hólfum sýkt svæði, þar af eitt á Suðurlandi.

Með ræktun verndandi arfgerða minnkar vægi varnarhólfa sem áhrifabáttur í baráttunni gegn riðuveiki, verður jafnvel ekkert. Hins vegar geta varnarhólf haft þýðingu við að stemma stigu við útbreiðslu nýrra smitsjúkdóma og til að vernda landsvæði fyrir landlægum sjúkdómum sem aldrei hafa komið upp á tilteknum landsvæðum, svo sem riðu og garnaveiki.

Kortið sýnir með svörtum línunum hvernig varnarlínurnar liggja. Litirnir sýna lit eyrna-merkja í sauðfé á viðkomandi svæði. Vegna niðurfellinga á varnarlínunum í gegnum tíðina geta fleiri en einn litur verið innan hvers hólfis og sami litur beggja megin við varnarlínur. Samstarfshópur ATRN, Mast og BÍ vinnur að endurskoðun á merkingarreglugerð. Í þeirri vinnu er lagt til að gefa litamerkingar sauðfjár frjálsar, en þó er rauður

litur frátekin. Kortið gæti því tekið töluverðum breytingum í framhaldi af útgáfu nýrrar reglugerðar.



Í löggjöf eru settar víðtækar takmarkanir um flutning á lifandi fé og öllu sem getur borið með sér smit milli varnarhólfa og innan hólfs, sé hólfið flokkað sem sýkt af riðu. Öll höft fela í sér takmarkanir á frelsi bænda til athafna og kostnað ríkisins vegna opinbers eftirlits, leyfisveitinga og annarrar stjórnsýslu og bóta vegna kinda sem felldar eru sem línu-brjótar, sbr. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma en þar segir m.a. „Sleppi sauðfé yfir varnarlínu skal því slátrað. Merkja skal líffæri úr fénu og senda án tafar til rannsóknar. Eigandi skal fá bætur samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar fyrir sauðfé sem slátrað er enda hafi líffæri verið send til rannsóknar.“ Að auki ber hið opinbera töluverðan árlegan kostnað vegna viðhalds varnargirðinga. Ljóst er að ávinningur sem hlýst af skiptingu landsins í varnarhólf minnkar verulega samhliða ræktun gegn riðu. Rökrétt er því að fækka varnarhólfum jafnt og þétt með niðurfellingu varnarlína og þar með minnka útgjöld ríkissjóðs.

23. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma fjallar um viðhald og niðurfellingu varnarlína en þar segir m.a.: „Skyld er að viðhalda varnarlínum svo lengi að fullvíst þygi að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðru megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati Matvælastofnunar. Því aðeins er ráðherra heimilt að leggja niður varnarlínu að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum Matvælastofnunar.“

Samkvæmt 12. gr. sömu laga ber MAST ábyrgð á að leggja til við ATRN hvaða varnarlínum sé rétt að viðhalda og þá hvaða varnarlínu sé rétt að fella niður, að undangengnu mati á gildi þeirra svo sem vegna garnaveiki og riðuveiki. Í landsáætlun þessari er hins vegar eingöngu fjallað um gildi varnarlína vegna riðuveiki, þannig verði tekið mið af stöðu svæða og er þeim skipt í eftirtalda þrjá flokka: A - hæsta verndarstig, B - miðlungs verndarstig og C - lægsta verndarstig.

**A-flokkur; í hæsta verndarstigsflokkinn falla:**

Línur sem afmarka líflambasölusvæði, þörf á vernd er svo lengi sem vilji er til þess að hafa sérstök landsvæði þar sem riða hefur ekki komið upp.

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- 
- Snæfellsneshólf (3), línur sem skilja að eru:

---

    - Snæfellslína (5)
  - Vestfjarðahólf eystra (5), línur sem skilja að eru:

---

    - Gilsfjarðarlína (7)
    - Kollafjarðarlína (8), en hún flokkast þó í C vegna lítils smítálags
  - Norðausturhólf (14) frá Jökulsá á Fjöllum að Brekknaheiði, línur sem skilja að eru:

---

    - Fjallalína (18)
  - Örfahólf (19), línur sem skilja að eru:

---

    - Breiðamerkursandslína (22)
    - Skeiðarársandslína (23)
- 

**B-flokkur; í miðlungs verndarstigsflokkinn falla:**

Línur sem afmarka áhættuhólf frá öðrum hólum sem ekki eru áhættuhólf, þörf á vernd er svo lengi sem aðliggjandi hólf hefur ekki nægjanlega vernd. Nægjanleg vernd milli slíkra hólfa telst vera þegar 100% kynbótahrúta í 95% hjarða er V/V, V/MV eða MV/MV í aðliggjandi hólfi sem ekki er áhættuhólf (viðmiðið er markmið 2032 fyrir landið allt).

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- 
- Vesturlandshólf (2) liggur að Miðfjarðarhólfi (7), línur sem skilja að eru:

---

    - Tvídægrulína (9)
    - Hvammsfjarðarlína (6),
  - Dalahólf (4) liggur að Miðfjarðarhólfi (7), línur sem skilja að eru:

---

    - Hvammsfjarðarlína (6)
-

- 
- Biskupstungnahólf (23) liggur að Húna- og Skagahólfi (9), línur sem skilja að eru:
- 

- Kjalarlína (12)
- 

- Eyjafjarðarhólf (12) liggur að Tröllaskagahólfi (10), línur sem skilja að eru:
- 

- Eyjafjarðarlína (15)
- 

### C-flokkur; í lægsta verndarstigsflokkinn falla:

Línur sem afmarka varnarhólf, þar sem meira en sjö ár eru liðin frá uppkomu riðuveiki í aðliggjandi hólfum og lítil þörf er á vernd milli hólfa. Varlegt væri að miða afléttingu hafta milli slíkra hólfa við að þegar >50% kynbótahrúta í 90% hjarða er V/x eða MV/x í aðliggjandi hólfum (viðmið er markmið 2028 fyrir allt landið).

Varnarlínur í þessum flokki eru:

- 
- Hvítarlína (1) skilur að:
- 

- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Biskupstungnahólf (23)
- 

- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Grímsnes- og Laugardalshólf (24)
- 

- Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22) og Landnámshólf (1)
- 

- Sogs- og Bláskógarlína (2) skilur að:
- 

- Grímsnes- og Laugardalshólf (24) og Landnámshólf (1)
- 

- Grímsnes- og Laugardalshólf (24) og Vesturlandshólf (2)
- 

- Brúararlína (3) skilur að:
- 

- Biskupstungnahólf (23) og Grímsnes- og Laugardalshólf (24)
- 

- Hvalfjarðarlína (4) skilur að:
- 

- Landnámshólf (1) og Vesturlandshólf (2)
- 

- Kollafjarðarlína (8) skilur að:
- 

- Vestfjarðahólf eystra (5) og Vestfjarðahólf vestra (6)
-

---

- Sprengisandslína (15) skilur að:

---

- Rangárvallahólf (21) og Skjálfandahólf (13)
  - Rangárvallahólf (21) og Norðausturhólf (14)
- 

- Skjálfandalína (16) skilur að:

---

- Eyjafjarðarhólf (12) og Skjálfandahólf (13)
- 

- Jökuldalslína (18) skilur að:

---

- Norðausturhólf (14) og Héraðshólf (15)
- 

- Lagarfljótslína (19) skilur að:

---

- Héraðshólf (15) og Austfjarðahólf (16)
  - Héraðshólf (15) og Suðurfjarðahólf (17)
- 

- Reyðarfjarðarlína (20) skilur að:

---

- Austfjarðahólf (16) og Suðurfjarðahólf (17)
- 

- Hamarsfjarðarlína (21) skilur að:

---

- Suðurfjarðahólf (17) og Suðausturlandshólf (18)
- 

- Tungnaárlína (24) skilur að:

---

- Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf (20) og Rangárvallahólf (21)
- 

- Markarfljótslína (25) skilur að:

---

- Eyjafjalla- og Vestur-Skaftafellssýsluhólf (20) og Rangárvallahólf (21)
- 

- Þjórsárlína (26) skilur að:

---

- Rangárvallahólf (21) og Hreppa-, Skeiða- og Flóahólf (22)
- 

Línur sem afmarka áhættuhólf frá öðru áhættuhólfi og engin þörf er á vernd milli hólfa, sértækar sóttvarnareglur gilda í þessum hólfum.

Varnarhólf og tilheyrandi varnarlínur í þessum flokki eru:

- Miðfjarðarlína (10) skilur að:
  - Miðfjarðarhólf (7) og Vatnsneshólf (8)
  - Miðfjarðarhólf (7) og Húna- og Skagahólf (9)
- Vatnsneslína (11) skilur að:
  - Vatnsneshólf (8) og Húna- og Skagahólf (9)
- Héraðsvatnalína (13) skilur að:
  - Húna- og Skagahólf (9) og Tröllaskagahólf (10)

Girðingar sem mynda varnarlínur sem felldar verða niður ber að ráðstafa eða fjarlægja að undangenginni fjármögnun.

## 4.3 Sóttvarnir á búum

Algengasta smitleið riðu í sauðfé er í gegnum munn. Smithættan er mest við húsvisst, sérstaklega á sauðburði þar sem mikið magn af smitefninu finnst í hildum og fósturvatni sýktra kinda.

Smitefnið er afar lífseigt. Það þolir t.d. hita og kulda, langa suðu, geislun og flest sótt-hreinsiefni, nema helst klór. Utanhúss er smithætta mest þar sem kindur safnast saman, t.d. við brynningarstampa og önnur ílát, klórustaura, tóftir, skjól o.s.frv.

Smit getur breiðst út með lifandi kindum, kindahræjum, skít, ýmsum áhöldum og tækjum, heyi, fatnaði o.fl.

Almenn sóttvarnaráð fyrir sauðfjARBændur og starfsfólk á sauðfjARBúum:

- Viðhafa gott hreinlæti á sauðburði.
- Fjarlægja hildir og hræ án tafar og farga þeim á öruggan hátt.
- Ekki fara í fjárhús á öðrum bæjum á sauðburði.
- Ekki fá lánaða hrúta frá öðrum.
- Fanga aðkomufé og láta eiganda sækja það með sínu farartæki.

- 
- Ekki taka fé frá öðrum bæjum inn í fjárhús.
- 
- Ekki nota tæki eða tól sem notuð hafa verið á öðrum sauðfjárbúum nema að undangengnum rækilegum þrifum með sápu og sótthreinsun með klór.
- 
- Ekki hleypa fólki inn í fjárhús, sem hefur verið á öðrum sauðfjárbúum, nema það sé í hreinum hlífðarfötum eða fari í hlífðarföt sem tilheyra bænum.
- 
- Girða heimalönd af og halda girðingu fjárheldri.
- 

Ýmsar takmarkanir eru settar á bú þar sem riða hefur komið upp og bú sem hafa tengingu við riðubú, sem miða að því að draga úr hættu á útbreiðslu smits, sbr. kafla 4.1. Þessar takmarkanir girða ekki fyrir alla hættu og verða því fjáreigendur að sýna ábyrgð við ákvörðun um flutning og samnýtingu á öllu því sem mögulega getur borið með sér riðusmitefni, svo sem ómskoðunartæki, vogir, landbúnaðartæki o.s.frv. Sérstaklega á þetta við bændur á búum þar sem riða hefur komið upp, áhættubú og önnur bú í áhættuhólf, en almennt ættu allir fjárbændur ávallt að gæta sóttvarna. Um er að ræða áherslubreytingu þannig að bændur axli ábyrgð á eigin smitvörnum í anda slagorðsins „Bóndi ver þitt bú“.

Ef óvissa er um hvað borið getur smit, geta bændur alltaf leitað til MAST um faglegar leiðbeiningar.

## 4.4 Söfnun og úrvinnsla dýrahæja

Skipulögð söfnun dýrahæja á vegum sveitarfélaga fer fram á um helmingi landsins, en úrvinnslustöðvar eru engar.

Að beiðni atvinnuvegaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er hafin vinna við tillögu að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi dýrahæja og sláturúrgangs frá bæjum (efni í 1. flokki skv. 8. gr. EB reglugerðar nr. 1069/2009), með það að markmiði að koma þeim í viðeigandi úrvinnslu eða förgun. Tillagan mun byggja á hugbúnaði og verklagi sem notað er bæði í Finnlandi og Noregi og uppfylla kröfur EES-reglna um meðhöndlun aukaafurða dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Á grundvelli hennar munu ráðuneytin geta greint kostnaðarþörf fyrir innleiðingu kerfisins fyrir komandi fjárlög og fjármálaáætlun næstu fimm ára en markmiðið er að kerfið verði að fullu innleitt fyrir árslok 2026.

Samhliða því að komið verður á fót heildstæðu söfnunarkerfi á landsvísu skipuleggur MAST sýnatökur og fylgir því eftir að sýni séu tekin úr hræjum, sbr. kafla 5.2.



## 5. Vöktun

Kveðið er á um vöktun á riðuveiki í sauðfé í kafla A í III. viðauka reglugerðar EB 999/2001.

MAST ber ábyrgð á gerð árlegrar sýnatökuáætlunar, töku sýna, úrvinnslu og birtingu niðurstaðna. Rannsóknastöðin Keldur annast greiningu sýna samkvæmt forgangsröðun MAST, skal öllum greiningum fyrra árs lokið eigi síðar en í lok febrúar. Forgangsröðun greininga tekur mið af áhættuflokkun bæja og svæða auk þess hvort um er að ræða sýni vegna gruns um riðu eða af sjálf dauðu fé eða fé sem fellt hefur verið heima o.s.frv. MAST leiðbeinir um töku sýna úr hræjum og þjálfar sýnatökufólk. MAST ber ábyrgð á greiðslu kostnaðar við sýnatökur og greiningu sýna sem eru tekin vegna vöktunar eða gruns um riðuveiki.

Vöktun klínískra einkenna riðuveiki er stöðug og er lýst í kafla 5.1.

## 5.1 Eftirlit með einkennum

MAST útbýr kennsluefni um klínísk einkenni riðuveiki, en BÍ annast útbreiðslu og kynningu þess meðal bænda. Bændur hafa vakandi auga með einkennum riðuveiki í sínum hjörðum. Fjallkóngur og/eða réttarstjóri bera þessa ábyrgð í smalamennsku og réttum. Vakni grunur um riðuveiki, ber viðkomandi aðila að hlutast til um að taka slíkt fé frá og tilkynna það til MAST. Í samráði við MAST er féð aflífað, tekin úr því sýni og þau greind á rannsóknastöðinni Keldum eins fljótt og kostur er.

## 5.2 Sýnatökur

### a. Sýnatökur úr fé sem slátrað er til manneldis

Regluleg skimun fyrir riðuveiki fer fram í sláturhúsum með töku heilasýna úr fullorðnu fé, 18 mánaða og eldra. MAST gerir árlega sýnatökuáætlun úr sláturfé, úrtakið skal valið þannig að dreifingin sé sem jöfnust hvað varðar m.a. uppruna, kyn, aldur, gerð bús o.fl., forðast skal að taka mörg sýni úr sömu hjörð. Við gerð sýnatökuáætlunar er einnig tekið mið af áætluðum fjölda sýna sem falla undir b-lið hér að neðan, útbreiðslu riðuveiki eftir varnarhólfum og algengi heimaslátrunar. Eftirlitsdýralæknar MAST annast töku sýna í sláturhúsum og sendingu þeirra til Keldna.

Bændum í áhættuhólfum ber að tilkynna MAST um fyrirhugaða heimaslátrun með hæfilegum fyrirvara. Þeir varðveita og senda hause til Keldna samkvæmt leiðbeiningum MAST.

### b. Sýnatökur úr fé sem drepst eða er aflífað á bæjum

Í þeim löndum sem fjöldi ásettra áa er á bilinu 250-750 þúsund skal samkvæmt reglugerð EB 999/2001 taka a.m.k. 1.500 sýni úr fé sem hefur drepist eða verið aflífað, þó ekki vegna niðurskurðar eða slátrunar til manneldis. Féð skal vera eldra en 18 mánaða og úrtakið skal valið þannig að dreifingin sé sem jöfnust hvað varðar m.a. uppruna, aldur, gerð bús o.fl. Eftir því sem við verður komið skal miða við að tekin séu sýni frá öllum bæjum með meira en 100 kindur á tilteknu sýnatökutímabili. Gera skal ráðstafanir til að ganga úr skugga um að engu fé sé haldið frá sýnatöku. Heimilt er að sleppa sýnatökum á afskekktum stöðum með fátt fé þar sem engin skipulögð söfnun er á dýrahæjum. Þó má þetta fé ekki vera meira en 10% af heildarfjölda fjár í landinu.

Aðkallandi er að koma á skipulagðri sýnatöku úr sjálfdaudu sauðfé eða sem er aflífað á bæjum, sbr. ákvæði reglugerðar EB 999/2001. Skipulag sýnatöku úr hræjum þarf að vinna samhliða skipulagi söfnunar dýrahæja og tilkomu úrvinnslustöðva, áætlað er að samræmt skipulag á landsvísu verði komið á laggirnar árið 2026, sjá umfjöllun í kafla 4.4.

Þrátt fyrir að ekki sé til samræmt skipulag söfnunar dýrahæja á landsvísu verða sýni þó tekin á árinu 2025 úr hræjum á Norðvesturlandi þar sem skipuleg söfnun hræja á sér stað (Skagafjörður). Sýnin eru tekin áður en hræ eru sótt á bæina. Í þessu samhengi er mikilvægt að eyrnamerki séu látin óhreyfð í hræi. Áfram verður unnið að skipulagi söfnunar sýna á landsvísu, hvort heldur sem er heima á bæ eða á vinnslustað.

Bændur tilkynna söfnunaraðila dýrahæja þegar þeir óska eftir að hræ sé sótt heim á bæ. Í tilkynningu þarf að koma fram tegund og aldur dýrs. Söfnunaraðili upplýsir sýnatökumann reglulega um hræ sem hafa fallið til. Sýnatökumaður, sem þjálfaður er af MAST, tekur sýni áður en hræjum er safnað og sendir þau á Keldur. Söfnunaraðili og sýnatökumaður getur verið sami aðilinn. Sýnatökumaður vinnur í umboði og skv. leiðbeiningum frá MAST.

Markmið um sýnatökur úr hræjum kinda eldri en 18 mánaða:

- 
- Árið 2025 verði sýnataka úr 25% hræja sem safnað er á Norðurlandi vestra og úr >5% hræja sem skipulega er safnað annars staðar á landinu.
- 
- Frá og með árinu 2026 verði tekin að lágmarki 1.500 sýni úr hræjum sem skipulega er safnað og komið á úrvinnslustaði á landinu öllu.
-



## 6. Grunnrannsóknir á sauðfjárriðu

Fjöl margar rannsóknir eru stundaðar víðs vegar um heiminn á ýmsum hliðum sauðfjárriðu. Stöðugt bætist því í vitneskju um eðli sjúkdómsins, greiningaraðferðir o.fl., sem gerir baráttuna við hann auðveldari. Margt í landsáætlun þessari byggir á niðurstöðum nýjustu rannsókna á þessu sviði. Til að markmið áætlunarinnar náist er mikilvægt að íslenskir vísindamenn hafi möguleika á að taka þátt í rannsóknum erlendra rannsóknarhópa, sem og að stunda eigin rannsóknir.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hefur samkvæmt lögum m.a. það hlutverk „að stunda grunnrannsóknir í líf- og lækisfræði dýra og manna“ (sbr. 2. gr. laga nr. 67/1990). Stofnunin hefur um áratuga skeið verið leiðandi á sviði riðurannsóknna en hefur ekki öruggt og stöðugt fjármagn til rannsókna. Sérstaklega er mikilvægt að framkvæma grunnrannsóknir á kindum sem drepast eða eru felldar á riðubæjum og bera MV/x, V/x og V/MV. Auk hefðbundinna sýna úr heila þyrfti að taka sýni úr mismunandi líffærum, svo sem eitlum í garnahengi og endaparmi auk annarra líffæra til að kanna útbreiðslu riðusmittefnis og hvort það dreifi sér ólíkt í kindum með mismunandi arfgerðir. Rannsóknir sem stuðla að aukinni þekkingu á genasamsætum sem flokkast undir MV eru mikilvægar í því augnamiði að leggja mat á verndandi eiginleika þeirra.

Tryggt verði fjármagn til nauðsynlegra grunnrannsókna á riðuveiki hér á landi og þátttöku í erlendum rannsóknum. Þetta gæti verið í formi sjóðs sem eingöngu er ætlaður fyrir riðurannsóknir eða með öðrum sambærilegum hætti.



## 7. Viðbrögð við uppkomu riðu

Stjórnsýsla við uppkomu riðuveiki skal vera fyrirsjáanleg og gagnsæ. Viðbrögð og aðgerðir skulu sett fram í reglugerð og skulu ákvæði taka efnislegt mið af því sem fram kemur í kafla þessum. Stjórnsýslulegar ákvarðanir við uppkomu riðuveiki skulu teknar af MAST að undangenginni heimild til þess í lögum nr. 25/1993.

Við uppkomu riðuveiki geta aðgerðir verið með eftirfarandi hætti:

### 1. Eingöngu V samsætur

- Hrútar skulu hafa V/V arfgerð en gimbrar/ær mega vera með V/x
- Gildistími takmarkana er tvö ár, sjá nánar í kafla þrjú.

### 2. Bæði V og MV samsætur

- Hrútar skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV.
- Gimbrar mega vera V/x eða MV/x.
- Gildistími takmarkana er allt að sjö ár, sjá nánar í kafla fjögur.

MAST fyrirskipar aðgerðir þegar riða er staðfest í hjörð að undangenginni könnun á vilja bónda til niðurskurðar að hluta og úttekt á aðstæðum og getu til að halda fénu innan girðinga og frá öðrum hjörðum. Að auki skal lagt mat á hversu aðkallandi aðgerðir eru m.t.t. árstíma, smithættu og velferðar fjárins. Að jafnaði er niðurskurði beitt en heimilt verður að undanskilja kindur sem bera V eða MV genasamsætur. Sé arfgerð ekki þekkt eða að hún byggir á spá Fjárvís út frá ætternisupplýsingum skal arfgerðagreina þær kindur. Að undanskilja kindur sem bera MV kallar á sértækar mótvægisaðgerðir sem fela m.a. í sér lengri takmörkunartíma en ef aðeins kindur með V eru undanskildar, sjö ár í stað tveggja ára, og víðtækari sýnatökur.

Í stað niðurskurðar er heimilt að slátra lömbum yngri en þriggja mánaða og fé sem ber V genasamsætu án takmarkana en öðru fé verður heimilt að slátra með skilyrðum um sýnatökur og bið með dreifingu afurða.

MAST verði heimilt að fresta niðurskurði um allt að þrjú ár ef hjörð ber einstaka erfða-eiginleika sem vert er að varðveita á landsvísu að höfðu samráði við fagráð í sauð-fjárrækt og erfðanefnd landbúnaðarins. Forsendur þess að heimildir séu nýttar um að undanskilja fé frá niðurskurði eða fresta honum, eru að arfgerð fjárins og/eða fósturs sé þekkt og að ræktunaráætlun liggi fyrir sem uppfyllir skilyrði sem fram koma í kafla þrjú. Jafnframt skal fénu haldið innan girðinga með ákveðnum skilyrðum.

Að loknum niðurskurði, hvort heldur allrar hjarðarinnar eða hluta hennar, eru settar á tímabundnar takmarkanir og skilyrði, sbr. kafla 4.1. Eftir niðurskurð skal hreinsað þannig að smitefni riðu sé lágmarkað á stöðum þar sem helstu smitleiðirnar eru, svo sem á svæði innandyra þar sem sauðburður fer fram, fóðurstæðum, görðum, vatnstrogum og á hlutum sem fé sækir í að sleikja, innandyra sem utan. Aðgerðir til að minnka magn smitefnis fela í sér að hreinsa, þvo og sótthreinsa og jafnvel mála, samkvæmt fyrirmælum MAST.

Þrifum skal vera lokið a.m.k einum mánuði áður en nýtt fé er tekið á bæ/í hjörð og skulu þau hafa staðist úttekt héraðsdýralæknis áður en sótthreinsun fer fram. Sótthreinsiaðgerðir verði framkvæmdar strax í kjölfar þeirrar úttektar og staðfestar af héraðsdýralækni. Þeir sem ekki ætla að taka fé að nýju eða nýtt fé í hjörðina skulu hafa lokið þrifum og sótthreinsun innan sex mánaða frá niðurskurði.

Ekki eru takmarkanir á notkun heyfyrninga á riðubæ, en flutningur á þeim frá bæ er háð leyfi MAST, sbr. kafla 4.1.

MAST stýrir aðgerðum við niðurskurð og förgun hræja, en bóndi afhendir féð heima á bæ. Bóndi annast alla hreinsun, þrif og förgun eða ráðstöfun efnis, en MAST tekur verkið út og annast sótthreinsun.



## 8. Fjármál

Samhliða innleiðingu landsáætlunar þessarar taka gildi nýjar reglur um opinberar bætur, fjárstuðning og greiðslu kostnaðar við uppkomu riðuveiki sem skulu vera fyrirsjáanlegar og gagnsæjar. Þessar reglur munu gilda um riðutilfelli sem upp koma eftir gildistöku þeirra, en um tilvik sem þegar hafa komið upp gilda eldri reglur nema um annað sé samið. Í sjöunda kafla kemur fram að verulega verður dregið úr umfangi hreinsunar og förgunar efna í kjölfar uppkomu riðuveiki, þannig mun kostnaður og vinnuframlag bænda minnka stórlega. Stjórnsýsla skal einfölduð og flutt að mestu frá ATRN til MAST, fyrirskipun aðgerða og fjármálaleg stjórnsýsla verður hjá MAST og verða ákvarðanir stofnunarinnar þannig kærarlegar til æðra stjórnvalds. Gerðar verða ráðstafanir þannig að MAST annist greiðslur vegna kostnaðar og bóta, þar á meðal greiðslur vegna línubróta og framkvæmda vegna varnargirðinga. Greiðslur afurðatjónsbóta, bóta fyrir bústofn, sem er ætlað að duga til endurnýjunar bústofns og efni sem er fargað samkvæmt fyrirmælum MAST skulu byggja á umsóknum þar um og skal þeim beint til MAST. Gert er ráð fyrir að ATRN annist stjórnsýslu og úthlutun styrkja, svo sem til arfgerðagreininga, sæðinga og notkun kynbótahrúta með tilteknar arfgerðir. ATRN aflar fjárheimilda til að fjármagna aðgerðir, bætur og framkvæmdir við varnargirðingar. Fjármögnun er þó aðeins tryggð með fjárveitingu frá Alþingi.

Í stað samninga milli viðkomandi bænda og ATRN í kjölfar uppkomu riðuveiki verða ákvæði sett í reglugerð þannig að verkaskipting milli MAST og ATRN sé ljós og að aðgerðir, greiðsla bóta, styrkja og kostnaðar sé fyrirséð eins og framast er unnt.

## 8.1 Forvarnir og aðgerðir

Stjórnsýsla, úrvinnsla umsókna um bætur og samþykkt kostnaðar sem til fellur vegna forvarna og aðgerða er á verksviði MAST.

### 1. Varnargirðingar

---

MAST gerir árlega áætlun um framkvæmdir vegna varnargirðinga og tekur í því samhengi mið af flokkun varnarlína í kafla 4.2.

### 2. Línubrjótar

---

MAST tekur reglulega saman tilkynningar um slátrun eða aflífun línubrjóta og upplýsir eigendur þar um. MAST annast útreikninga og úrvinnslu umsókna um greiðslu bóta sem almennt skal greiða innan 30 daga frá fullnægjandi umsókn þar um.

### 3. Riðusýni

---

Í samræmi við kafla 5.2 gerir MAST árlega áætlun um sýnatökur vegna skimunar fyrir riðu og gerir samning við rannsóknastofu um greiningu á þeim. MAST annast skipulag og ef við á samninga við verktaka um töku sýna úr fé sem drepst eða er aflífað á bæjum og samþykkir reikninga því tengdu.

### 4. Bætur og kostnaður við aðgerðir við uppkomu riðuveiki

---

#### a. Bústofn

---

- i. Ríkissjóður bætir fyrir fé sem felld er að fyrirmælum MAST, þannig að unnt sé að endurnýja bústofn eftir niðurskurð að fullu. Eigandi fjár sækir um bætur hjá MAST og leggur fram reikninga á kaupum líflamba. Sé kaupum líflamba til endurnýjunar bústofns ekki lokið innan þriggja ára frá niðurskurði eða endurreisn bústofns fer ekki fram verði bætur metnar á grundvelli þess sem út af stendur og tekið mið af markaðsverði líflamba með V/x arfgerð. MAST annast úrvinnslu umsókna um greiðslu þessara bóta almennt innan 30 daga frá fullnægjandi umsókn.
-

**b. Hlutir og efni**

- i. Ríkissjóður bætir fyrir efni og hluti sem er fargað og þarf að endurnýja samkvæmt fyrirmælum MAST. Bóndi sækir um bætur hjá MAST á grundvelli matsblaðs (sbr. ii-lið). Að fenginni umsókn og fullnægjandi gögnum ákveður MAST almennt innan 30 daga bótaupphæð, byggt á mati matsmanns samkvæmt ii-lið. Almennt skal greiða 70% bótaupphæðar innan 30 daga frá því bótaupphæð er ákveðin. Eftirstöðvar skal greiða innan tveggja vikna frá því að hreinsun, þvottur og sótthreinsun hefur staðist úttekt héraðsdýralæknis.
- ii. Verðmæti efna og hluta skv. i-lið er metið af óháðum matsmanni og tekur verkið að sér að beiðni MAST, að fyrirmynd Náttúruhamfaratrygginga Íslands. Við verðmat skal taka mið af ástandi efna og hluta sem það er í þegar því er fargað og verð lækkað frá nýverði í samræmi við ástand. Matsmaður skilar matsblaði til bónda og MAST. Kostnaður við matið greiðist af ríkissjóði, skv. framlögðum reikningi.
- iii. Ekki er greitt fyrir vinnu og kostnað við hreinsun og þrif og ekki fyrir fyrningu á heyi, ráðstöfun á taði eða jarðvegi eða annað sambærilegt. Framkvæmd sótthreinsunar er á vegum MAST og ríkissjóður greiðir kostnað því tengdu.

**c. Greiðsla kostnaðar við aflífun o.fl.**

- i. Ríkissjóður greiðir allan kostnað sem til fellur við flutning og aflífun fjár sem fellt er vegna uppkomu riðuveiki. Einnig kostnað við töku sýna og greiningu þeirra auk flutnings hræja og eyðingu þeirra.

**d. Afurðatjónsbætur**

- i. Viðkomandi bú fær í allt að fimm ár greiðslu vegna tapaðra afurðatekna samkvæmt umsókn þar um til MAST, enda er fé fjölgað árlega að jafnaði um þriðjung af fjölda þess sem skorinn var þar til fullum fjárfjölda er náð. Fjárhæðin miðast að jafnaði við meðaltal allra fenginna afurðatekna vegna sauðfjárræktar næstliðin þrjú almanaksár áður en riða kom upp. Heimilt verði að taka tillit til þess ef afurðaverð á viðkomandi ári víkur verulega frá öðrum árum og miða þá við annað ár í þess stað. Í umsókn lætur umsækjandi í té fullnægjandi gögn yfir fengnar afurðatekjur á tímabilinu, miðað skal við óunnar afurðir. Afurðatekjur vegna sauðfjárframleiðslu sem búið fær á greiðslutímabilinu s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki er fargað og þess fjár sem við hefur bæst dragast frá greiðslum. MAST annast greiðslur þessara bóta að fengnum fullnægjandi umsókn þar um og skulu þær inntar af hendi í október ár hvert.

MAST er heimilt er að skerða eða fella niður bætur til þeirra búa sem fara ekki eftir ákvæðum dýrasjúkdómalaga eða reglugerða, og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Jafnframt er heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa verið gerðar ef ekki er staðið við skilyrði reglugerðarinnar.

## 8.2 Styrkir og fjárstuðningur

Stjórnsýsla og greiðsla annarra opinberra styrkja til ræktunar og annar fjárstuðningur í kjölfar niðurskurðar er á verksviði ATRN.

### 1. Styrkir til arfgerðagreininga

---

Í samræmi við kafla 3.3 ákveður ATRN heildarupphæð styrkja til arfgerðagreininga og gerir samning við RML um framkvæmdina.

### 2. Styrkir til ræktunar

---

Í samræmi við kafla 3.3. og 3.4 ákveður ATRN og annast greiðslu styrkja sem miða að því að auka notkun hrúta með V og MV á áhættubæjum annars vegar og með sæðingum um land allt hins vegar og þá í samráði við sæðingastöðvar.

### 3. Almennar opinberar stuðningsgreiðslur

---

Viðkomandi bú heldur öllum opinberum stuðningsgreiðslum í allt að þrjú ár. Upphæðin miðast við meðaltal greiðslna til búsins næstliðin þrjú almanaksár áður en riða kom upp. Greiðslur sem búið fær til stuðnings sauðfjárframleiðslu samkvæmt almennum reglum á sama tímabili s.s. vegna þess hluta hjarðar sem ekki er fargað dragast frá greiðslum. Verði teknar ákvarðanir um einhverjar viðbótargreiðslur á grunni sauðfjársamnings á tímabilinu fá búin þær líka. ATRN annast þessar greiðslur og skulu þær fylgja almennum útgreiðslum opinberra stuðningsgreiðslna til sauðfjárþænda.

# Viðauki I

Yfirlit yfir verkefni 2024-2028 sem kalla á aukin útgjöld.

| Aðgerð í kafla           | Verkefni                                                                                            | Ábyrgðaraðili | Aðrir aðilar                          | Upphaf     | Lok        | Fjármögnun              |
|--------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|---------------------------------------|------------|------------|-------------------------|
| 2<br>4.1<br>Tafla 3<br>8 | Utanumhald LÁ, flokkun bæja, samantektir og uppfærslur. Stjórnsýsla með greiðslu bóta og kostnaðar. | MAST          |                                       | 01.09.2024 | Árlegt     | ATRN                    |
| 2<br>3.2<br>3.3<br>3.5   | Framkvæmd arfgerðargreininga, skv. samningi ATRN og RML.                                            | RML           | ATRN<br>Fjáreigendur                  | 01.01.2024 | Árlegt     | ATRN<br>RML<br>Eigendur |
| 2<br>3.2<br>3.4          | Forritun Fjávís um utanumhald sýna, niðurstöður og framsetningu þeirra.                             | RML           |                                       | 01.07.2024 | 31.12.2026 | ATRN                    |
| 4.1                      | Forritun um flokkun bæja og tenging við Fjávís.                                                     | MAST          | RML<br>ATRN                           | 01.07.2024 | 31.12.2025 | ATRN                    |
| 2<br>3.3                 | Fjárstuðningur til að hraða ræktun á áhættubæjum, auka notkun á V/V, V/MV, MV/MV.                   | ATRN          |                                       | 01.06.2024 | 31.12.2026 | ATRN                    |
| 2<br>3.4                 | Fjárstuðningur til að auka útbreiðslu V og MV með sæðingum.                                         | ATRN          | Sæðinga-<br>stöðvar                   | 01.01.2024 | Árlegt     | ATRN                    |
| 5.2<br>4.4               | Söfnun sýna úr hræjum (samræmt á landsvísu 2027).                                                   | MAST          | Verktakar                             | 01.11.2024 | 31.12.2026 | ATRN                    |
| 4.1                      | Reglubundin klínísk skoðun á fé á áhættubæjum.                                                      | MAST          | Sjálfstætt<br>starfandi<br>dýralæknar | 01.11.2024 | 31.12.2028 | ATRN                    |
| 6                        | Koma á fjármögnun grunnrannsókna.                                                                   | ATRN          | Keldur                                | 01.07.2024 | Árlegt     | ATRN                    |

## Viðauki II

Yfirlit yfir verkefni 2024-2028 án nýrra eða umtalsverðra útgjalda.

| Aðgerð í kafla        | Verkefni                                                                                        | Ábyrgðaraðili     | Aðrir aðilar                       | Upphaf     | Lok        | Fjármögnun  |
|-----------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|------------------------------------|------------|------------|-------------|
| 3<br>4<br>5<br>6<br>8 | Ný reglugerð með ákvæði um ræktun, varnir vöktun, viðbrögð, bætur, fjárstuðning og kostnað ofl. | ATRN              | MAST                               | 01.06.2024 | 01.08.2025 | ATRN        |
| 3.4                   | Kynning á áætluninni.                                                                           | RML               | MAST                               | 01.09.2024 | Árlegt     | RML / MAST  |
| 3.4                   | Rýni á framvindu ræktunar og miðlun upplýsinga opinberlega.                                     | RML               | Bí<br>Fagráð                       |            |            | RML         |
| 2<br>3.4              | Fræðsla, verðlaun/yfirlýsingar.                                                                 | RML               |                                    |            |            | RML         |
| 3.4                   | Viðbrögð ef markmið ræktunar nást ekki; fræðsla & ráðgjöf hjá RML og MAST.                      | RML<br>MAST       |                                    |            |            | RML<br>MAST |
| 2<br>4.3<br>5.1       | Sóttvarnir á búi og vöktun einkenna.                                                            | Fjáreig-<br>endur |                                    | Viðvarandi |            | Eigendur    |
| 4.3                   | Leiðbeiningar um almennar og sértækar sóttvarnir.                                               | MAST              |                                    | 01.06.2024 | Viðvarandi | MAST        |
| 4.1                   | Eftirlit með að stjórnvaldsfyrirmælum um sóttvarnir sé fylgt.                                   | MAST              |                                    | Viðvarandi |            | MAST        |
| 4.2                   | Viðhald og framkvæmdir við varnargirðingar.                                                     | MAST              |                                    | Viðvarandi |            | MAST        |
| 4.2                   | Niðurfelling varnarlína.                                                                        | MAST              | ATRN                               | Viðvarandi |            | MAST        |
| 4.4<br>2              | Koma á söfnun dýrahæja á landsvísu.                                                             | ATRN              | Önnur<br>ráðuneyti<br>Sveitarfélög | 01.06.2024 | 31.12.2027 | ATRN        |
| 5.2                   | Skipuleggja og hafa umsjón með sýnatöku.                                                        | MAST              |                                    | Viðvarandi |            | MAST        |
| 2<br>5.2              | Koma á streymi upplýsinga um fé sem drepst eða er aflífað á bæjum.                              | MAST              | Söfnunaraðilar<br>Fjáreigendur     | 01.06.2024 | 31.12.2025 | MAST        |

| Aðgerð í kafla | Verkefni                                                               | Ábyrgðaraðili | Aðrir aðilar                    | Upphaf     | Lok        | Fjármögnun   |
|----------------|------------------------------------------------------------------------|---------------|---------------------------------|------------|------------|--------------|
| 5<br>5.2       | Rannsókn á skimunarsýnum.                                              | Keldur        |                                 | Viðvarandi |            | ATRN         |
| 5              | Samantekt og birting á niðurstöðum rannsókna á sýnum.                  | MAST          |                                 | Viðvarandi |            | MAST         |
| 2<br>7         | Flutningur stjórnsýslu um viðbrögð við uppkomu riðu frá ATRN til MAST. | ATRN          | MAST                            | 01.06.2024 | 31.12.2025 | ATRN<br>MAST |
| 2<br>7         | Ákvörðun um og framkvæmd niðurskurðar á fé.                            | MAST          | Fjáreigendur                    | 01.08.2025 | Viðvarandi | MAST         |
| 7              | Umsýsla með aflífun og förgun hræja.                                   | MAST          |                                 | Viðvarandi |            | MAST         |
| 7              | Fyrirskipun á hreinsun, þrif, sótt-hreinsun og förgun smitefnis.       | MAST          |                                 | 01.08.2025 | Viðvarandi | MAST         |
| 7              | Kostnaðarmat á hreinsun, þrifum, sótt-hreinsun og förgun úrgangs.      | MAST          | Sjálfstætt starfandi matsaðilar | 01.08.2025 | Viðvarandi | ATRN         |
| 7              | Þrif                                                                   | Fjáreigandi   |                                 | Viðvarandi |            | Eigandi      |
| 7              | Úttekt á þrifum og sótt-hreinsun.                                      | MAST          |                                 | Viðvarandi |            | MAST         |
| 2<br>8         | Verkskipulag umsýslu með greiðslu bóta og kostnaðar.                   | ATRN          | MAST                            | 01.09.2024 | 01.08.2025 | MAST         |
| 2<br>8         | Umsýsla með greiðslu bóta og kostnaðar.                                | MAST          |                                 | 01.08.2025 | Viðvarandi | MAST         |
| 2<br>8         | Umsýsla með greiðslu styrkja til sæðinga.                              | ATRN          | Sæðinga-stöðvar RML             | Viðvarandi | 31.12.2029 | ATRN         |
| 2<br>8         | Umsýsla með greiðslu styrkja til að hraða ræktun á áhættubæjum.        | ATRN          | Fjáreigendur                    | 01.09.2024 | 31.12.2026 | ATRN         |
| 8              | Umsýsla og greiðsla opinberra almennra stuðningsgreiðslna.             | ATRN          | Fjáreigendur                    | Viðvarandi |            | ATRN         |



